

**Nd.**

**536. Frumvarp til laga**

**[304. mál]**

um framhaldsskóla.

Frá menntamálaráðherra.

**I. KAFLI**

**Gildissvið.**

1. gr.

Lög þessi taka til náms á framhaldsskólastigi er tekur við af skyldunámsstigi og allt til háskólastigs, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Framhaldsskólar er samnefni þeirra skóla er undir lög þessi falla, en einstakar skólastofnanir geta borið sérstakt nafn, t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki.

Skólar er falla undir ákvæði þessara laga eru:

- a. menntaskólar, en þeir eru nú: Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn við Hamrahlíð, Menntaskólinn við Sund, Menntaskólinn á Ísafirði, Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Egilsstöðum og Menntaskólinn á Laugarvatni;
- b. fjölbrautaskólar, iðnfræðsluskólar og aðrir framhaldsskólar og þeir menntaskólar samkvæmt a-lið sem breytt verður í fjölbrautaskóla;
- c. sérskólar fyrir nám sem ekki telst hagkvæmt að fella inn í námsbrautir fjölbrautaskóla eða annarra framhaldsskóla, sbr. b-lið.

Setja skal reglugerð um hvern sérskóla sem ákveðið verður að starfi samkvæmt c-lið.

## II. KAFLI

### Hlutverk.

#### 2. gr.

Hlutverk framhaldsskóla er að veita menntun er nýtist sem undirbúningur starfs eða frekara náms. Jafnframt stuðli námið að alhliða þroska nemenda.

## III. KAFLI

### Stofnun og bygging framhaldsskóla.

#### 3. gr.

Nýr framhaldsskóli verður eigi stofnaður nema með samþykki Alþingis.

Gera skal samning milli aðila um nýframkvæmdir, stofnbúnað og endurbyggingu húsnæðis sem ríki og sveitarfélög samþykkja að standa að vegna framhaldsskóla. Þar skulu m.a. vera ákvæði um stjórn hönnunar og framkvæmda, hönnun, byggingarhraða og greiðslustreymi. Heimilt er að fela sveitarfélögum, sem aðild eiga að framhaldsskóla, að fara með undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum.

Samningar um framkvæmdir skulu undirritaðir af menntamálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum hins vegar. Fjármálaráðherra skal kynna fjárveitinganefnd slíka samninga.

Kostnaður við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla, sbr. a- og b-lið 1. gr. laga þessara, skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% en sveitarsjóður eða sveitarsjóðir greiði 40% kostnaðar. Verði greiðslur eigi inntar af hendi samtímis reiknast verðbætur á ógreidd framlög í hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Sama gildir um byggingar- og stofnkostnað þeirra sérskóla, sbr. c-lið 1. gr. laga þessara, sem eitt eða fleiri sveitarfélög hafa forgöngu um að stofna eða samþykkja að verða stofnaðilar að.

Verði ákveðið að stofna sérskóla, sbr. c-lið, án aðildar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðist allur stofnkostnaður úr ríkissjóði.

Um undirbúning framkvæmda og málsmeðferð gilda eftir því sem við á ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað, og reglugerða sem gefnar eru út samkvæmt þeim lögum og þessum lögum.

Þar sem heimavistir verða reistar í tengslum við framhaldsskóla má gerð húsnæðis og búnaðar miðast við að nýta megi aðstöðuna til gistihúsarekstrar utan reglulegs skólatíma. Gerður skal sérstakur samningur við rekstraraðila sem staðfestur er af menntamálaráðuneyti.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga setja viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis fyrir framhaldsskóla og láta gera fyrirmyndir að hönnun og verksamningum.

#### 4. gr.

Skólamannvirki þau sem lög þessi taka til skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur.

Verði húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsnáms skulu eignaraðilar gera með sér samkomulag þar um. Verði eign seld öðrum hvorum eignaraðila skal hún metin af dómkvöddum mönnum.

#### IV. KAFLI

##### Stjórnun.

###### 5. gr.

Menntamálaráðuneyti fer með yfirstjórn þeirra málefna er lög þessi taka til og hefur með höndum námsskrágerð og kennslueftirlit.

Ráðuneytið gerir tillögur um fjárveitingu á fjárlögum til hvers skóla, sbr. 3. og 32. gr.

###### 6. gr.

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla. Í henni sitja þrír menn: formaður, tilnefndur af menntamálaráðherra eftir hver ríkisstjórnarskipti, og tveir menn tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Tilnefningaraðilar greiða þóknun og annan kostnað vegna starfa þeirra. Skólanefndir við sérskóla, sem stofnaðir kunna að verða án þátttöku sveitarfélaga, sbr. 6. mgr. 3. gr., skulu skipaðar af menntamálaráðherra eftir hver ríkisstjórnarskipti. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétti. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

###### 7. gr.

Skólanefnd markar stefnu í skólalaldi og ákveður námsframboð með samþykki menntamálaráðuneytis.

Skólanefnd gerir í upphafi árs fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og ber ábyrgð á að henni sé framfylgt.

Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfangna svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Ráðstöfun þessara gjalda, að undanteknu nemendasjóðsgjaldi, er háð samþykki skólanefndar. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar. Um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.

Ákveði skólanefnd að stofna sérstakan sjóð, t.d. styrktarsjóð við framhaldsskóla, skal um hann sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum.

###### 8. gr.

Skólameistari (rektor) hefur á hendi framkvæmd þeirra ákvarðana sem skólanefnd tekur. Skólameistari stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerðir, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma.

Skólaráð skal vera skólameistara til aðstoðar við stjórnun skóla og rekstur. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipað fulltrúum kennara, nemenda, svo og aðstoðarskólameistara starfi hann við skólann.

Um skipan skólaráðs, verkswið þess, starfstíma og starfshætti skal nánar kveðið á í starfsreglum sem skólanefnd setur.

###### 9. gr.

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendaráð sem er fulltrúi nemenda í hagsmunamálum þeirra. Nemendaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um markmið náms, námsefni og kennslutilhögun í skóla sínum. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

###### 10. gr.

Um almenna kennarafundi og verkswið þeirra skal ákvarðað í reglugerð sem menntamálaráðherra setur.

## V. KAFLI

### Starfslið.

#### 11. gr.

Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir stærð og gerð skóla og fjárveitingu hverju sinni.

Menntamálaráðherra setur eða skipar skólameistara (rektor) framhaldsskóla að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefnda. Menntamálaráðherra setur eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar og skólameistara þess skóla. Skólameistari ræður stundakennara og aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd.

#### 12. gr.

Um skilyrði til þess að vera settur eða skipaður skólameistari eða kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 48/1986. Setja má í reglugerð ákvæði um menntun annarra starfsmanna.

#### 13. gr.

Hafi kennari starfað, settur eða skipaður, a.m.k. í fimm ár og óski að fá sérstakt orlof til að efla þekkingu sína og kennarahæfni skal hann þá senda skólanefnd og menntamálaráðuneyti beiðni um orlof ásamt greinargerð um hvernig hann hyggst verja orlofstímanum. Ráðuneytið getur veitt honum orlof allt að einu ári á föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneyti getur veitt kennara, er orlofs nýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, njóti hann ekki sambærilegs styrks frá öðrum. Beiðni um orlof skal hafa borist menntamálaráðuneyti fyrir 1. nóvember ár hvert.

Að loknu orlofi er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín á orlofstíma. Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólastjóra og annarra stjórnenda skóla.

#### 14. gr.

Rækja skal heilsuvernd í framhaldsskólum.

Héraðslæknar hafa umsjón með þessari starfsemi undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnar og líta eftir að aðbúnaður og aðstaða nemenda og starfsmanna sé viðhlítandi.

Starfsfólk við heilsuvernd í skólum lýtur stjórn skólameistara í starfi innan skólans sem annað starfsfólk hans.

Sé heilsugæslustöð starfandi í nágrenni skóla er heimilt að fela henni að annast heilsuverndina.

## VI. KAFLI

### Inntökuskilyrði.

#### 15. gr.

Allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun geta hafið nám í framhaldsskóla en skylt er nemendum að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt ákvæðum í námsskrá hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri. Skólanefnd er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði hefji nemendur nám 18 ára eða eldri og setja lágmarkskröfur í einstökum greinum til inntöku í tiltekna námsáfanga. Inntaka nemenda í skóla er í höndum skólaráðs, sbr. 8. gr.

## VII. KAFLI

### Námsskipan.

#### 16. gr.

Nám í framhaldsskóla skal fara fram á námsbrautum sem skilgreindar eru eftir markmiðum námsins að því er varðar undirbúning til starfa eða áframhaldandi nám. Stefnt skal að því að nemendur eigi vöð á námsefni og kennslu í samræmi við þarfir sínar og óskir.

Hver námsbraut skal eftir föngum skipulögð þannig að unnt sé að ljúka þar mislöngu námi. Í námsskrá skal kveða á um markmið náms á hverri námsbraut og námslok. Enn fremur um skiptingu námsefnis í brautarkjarna og valgreinar.

#### 17. gr.

Í framhaldsskóla skal á öllum námsbrautum fara saman nám sem lýtur að almennri menntun og sérhæft nám með hliðsjón af markmiðum brautarinnar. Lögð skal áhersla á tengsl verklegra og bóklegra þátta náms. Auk skyldunámsefnis skal heimilt að gefa kost á frjálsum valgreinum að uppfylltum skilyrðum er sett skulu í námsskrá.

#### 18. gr.

Af öllum námsbrautum skulu vera leiðir til frekara náms, annað hvortbeinar eða með skilgreindri viðbót námsáfanga. Jafnframt skulu vera sem greiðastar leiðir milli námsbrauta.

#### 19. gr.

Námsefni framhaldsskóla skal skipað í skilgreinda námsáfanga sem metnir skulu til eininga eftir umfangi námsefnis. Með einingu samkvæmt lögum þessum er átt við einnar kennslustundar bóknámsefni á viku að meðaltali á skólaári eða tveggja kennslustunda náms á viku á önn.

Leitast skal við að hafa námsefni og kennslu hvers áfanga þannig að hann nýtist sem hluti af námi á sem flestum námsbrautum. Þó skal þess gætt að samræmi sé ávallt á milli markmiðs námsbrautar og kennslu námsgreinar.

#### 20. gr.

Um námsáfanga, markmið þeirra, megininntak, umfang og skipan á námsbrautir skal ákveðið í námsskrá sem menntamálaráðuneyti setur. Námsáfangar í sama eða sambærilegu námsefni skulu jafngildir á öllum brautum þar sem þeir eru hluti af náminu. Sé verkþjálfun liður í námsáfanga skal hún metin til eininga í námsskrá.

#### 21. gr.

Í námsskrá skal mælt fyrir um námsmat, m.a. próf og vitnisburði. Þar skulu tilgreind skilyrði til þess að flytjast milli áfanga og lágmarkskröfur til þess að standast tiltekin lokapróf. Í námsskrá skulu birtar reglur um rétt nemenda til að sjá prófúrlausnir sínar og hvernig nám skal metið þegar nemendur flytjast milli skóla.

#### 22. gr.

Námsefni til stúdentsprófs skal jafngilda 140 einingum. Einingafjöldi til annarra lokaprófa skal ákveðinn í námsskrá.

#### 23. gr.

Fræðsla skal veitt í löggiltum iðngreinum og öðrum iðnaði samkvæmt nánari ákvæðum í námsskrá. Í reglugerð skal kveða á um hverjar skuli vera löggiltar iðngreinar.

Menntamálaráðherra skipar iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn og skal það vera til ráðuneytis um móttun heildarstefnu og skipulag í iðnfræðslu, löggiltum iðngreinum og verksmiðjuíðnaði. Iðnfræðsluráð skal skipað nfu mönnum. Skulu tveir þeirra vera iðnmeistarar, tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, tveir iðnsveinar og einn fulltrúi iðnverkafélks, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands. Félag íslenskra iðnrekenda tilnefnir einn, Samband iðnfræðsluskóla einn og Iðnnemasamband Íslands einn. Menntamálaráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu valdir með sama hætti og aðalmenn. Iðnfræðsluráð veitir umsögn um tillögur að námsskrám í verklegum og bóklegum faggreinum og að stöðlum um búnað og aðstöðu og gerir tillögur um skipulag kennslueftirlits í iðngreinum. Iðnfræðsluráð gerir tillögur til menntamálaráðuneytis um reglur varðandi framkvæmd námssamninga. Nánar skal kveðið á um hlutverk Iðnfræðsluráðs í reglugerð sem menntamálaráðherra setur.

24. gr.

Menntamálaráðherra skipar fræðslunefndir er fjalli um fræðslu í einstökum iðngreinaflokkum og geri tillögur að námsskrám. Iðnfræðsluráð skal tilnefna þrjá fulltrúa í hverja nefnd en ráðherra skipar formann og ritara. Skulu sömu menn gegna þeim störfum í öllum nefndunum til þess að tryggja nauðsynlega samræmingu og hagkvæmni á námsskipan iðn- og tæknibrauta. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn. Skipunartími nefnda skal vera fjögur ár.

25. gr.

Heimilt er skólanefnd að gera samninga við iðnmeistara, fyrirtæki eða stofnun um að annast tiltekna þætti verklegrar menntunar í samstarfi við framhaldsskóla. Slíkir samningar skulu staðfestir af menntamálaráðuneyti og hefur ráðuneytið yfirumsjón með framkvæmd þeirra.

Heimilt er iðnmeisturum að taka nemendur til verklegs náms í löggiltum iðngreinum og skal gera um það sérstaka námssamninga. Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur, skal kveðið á um gerð námssamninga, réttindi og skyldur samningsaðila, námslok, próf, útgáfu prófskírteina og starfsréttindi í samræmi við lög um atvinnuréttindi iðnaðarmanna.

Menntamálaráðuneyti getur veitt heimild til þess að umsækjandi gangi undir verklegt próf í iðngrein án skólanáms, enda liggja fyrir:

- a. Umsögn viðkomandi iðnaðarmannafélags.
- b. Umsögn iðnfræðsluráðs.
- c. Umsögn meistara og vottorð um að viðkomandi hafi unnið við iðnina í 10 ár.

Standist umsækjandi prófið öðlast hann sveinsbréf sem veitir ekki réttindi til meistara-bréfs síðar nema hann ljúki burtfararprófi frá iðnfræðsluskóla í faggreinum iðnarinnar.

26. gr.

Skylt er menntamálaráðuneyti að halda uppi framhaldsnámi fyrir iðnsveina til meistaraþrófs í því skyni að veita þeim aukna þekkingu í starfsgrein sinni, stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Setja skal í námsskrá, sbr. 16., 20. og 21. gr., nánari ákvæði um nám til meistaraþrófs. Um námsgjöld vegna náms samkvæmt þessari grein gilda ákvæði IX. kafla.

27. gr.

Menntamálaráðherra skipar fræðsluráð sjávarútvegs til fjögurra ára í senn og skal það skipað 11 mönnum. Eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver: Farmanna- og fiskimanna-samband Íslands, Félagið Fiskiðn, Verkamannasamband Íslands, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Sjómannasamband Íslands, Félag fiskvinnslustöðva, Hafrannsóknastofnun,

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva og sjávarútvegsráðherra. Menntamálaráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

Fræðsluráð sjávarútvegs mótar í samvinnu við menntamálaráðuneyti heildarstefnu og fræðsluskipulag í sjávarútvegs- og fiskeldisgreinum og veitir umsögn um tillögur að námsbrauta- og áfangalýsingum í verklegum og bóklegum faggreinum tengdum sjávarútvegi.

28. gr.

Nám, sem krafist er til þess að öðlast atvinnuréttindi, skal skipulagt í samvinnu við stofnanir og/eða þá sérskóla á framhaldsskólastigi sem starfa samkvæmt sérstökum reglugerðum. Auk starfsréttinda skal námið veita rétt til frekara náms. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu tilgreind í námsskrá, sbr. 16. og 20. gr. Starfi sérstök fræðsluráð tengd atvinnuvegum skulu þau vera umsagnaraðilar um hlutaðeigandi námsbrauta- og áfangalýsingar, sbr. 21. og 26. gr.

29. gr.

Í öllum framhaldsskólum skal vera skólasafn. Hlutverk þess er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.

30. gr.

Á framhaldsskólastigi skal veita fötluðum nemendum kennslu og þjálfun við hæfi og sérstakan stuðning í námi. Í því skyni skal látin í té sérfræðileg aðstoð eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytis. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

31. gr.

Árlegur starfstími framhaldsskóla skal eigi vera skemmri en níu mánuðir.

Kennsludagar skulu eigi vera færri en 144 árlega. Prófdagar skulu eigi vera fleiri en 20 árlega. Menntamálaráðuneyti setur árlega nánari reglur um skiptingu starfstíma skóla.

## VIII. KAFLI

### Rekstur framhaldsskóla.

32. gr.

Ríkissjóður greiðir allan rekstrarkostnað framhaldsskóla samkvæmt lögum þessum. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining.

Framlög ríkissjóðs til almenns rekstrar framhaldsskóla skulu miðuð við að sama framlag komi á hvern nemanda í sama eða svipuðu námi hvar sem er á landinu. Með nemanda er átt við þann sem sækir a.m.k. 36 stunda kennslu á viku í 144 kennsludaga á skólaári. Þurfi að taka tillit til sérstakra aðstæðna skal veitt sérgreint framlag til þess að mæta þeirri þörf.

Til rekstrarkostnaðar skóla telst:

1. Launakostnaður, en til hans teljast laun fyrir kennslu, stjórnun og prófdæmingu á lokaprófum, einnig laun fyrir störf á skrifstofu, í skólasafni, vegna ráðgjafar við nemendur, við umsjón eigna skóla, við heilsugæslu og í mótuneyti kennara.
2. Til annars rekstrarkostnaðar framhaldsskóla telst allur annar kostnaður að frátöldu efni til verklegrar kennslu sem ríkissjóður greiðir að hálfu móti nemendum eða öðrum ef samkomulag næst um slíkt. Til rekstrarkostnaðar telst einnig viðhald húsa og tækja. Kostnaður við mótuneyti og ferðir nemenda telst ekki til rekstrarkostnaðar.

Kostnað vegna 1. tölul. greiðir ríkissjóður mánaðarlega beint til starfsmanna en kostnað vegna 2. tölul. og 33. gr. greiðir ríkissjóður til skóla ársfjórðungslega fyrir fram.

Fjárveitingum og greiðslum vegna 1. tölul. annars vegar og annars rekstrar skv. 2. tölul. hins vegar skal haldið að fullu aðgreindum og má ekki skerða fjárveitingu til 2. tölul. Þótt kostnaður vegna 1. tölul. fari fram yfir fjárveitingu, enda sé umfang starfseminnar í samræmi við samþykktar áætlanir.

Skólameistara er með samþykki skólanefndar heimilt að flytja fjárveitingar milli kostnaðarliða skv. 2. tölul. þannig að framlag ríkissjóðs nýtist sem best þörfum skóla.

Í umboði skólanefndar sér skólameistari um rekstur og bókhald. Heimilt er skólanefnd að ráða sérstakan fjármálafulltrúa til þess að annast fjárreiður skóla og bókhald og starfar hann þá undir stjórn skólameistara. Bókhaldi skal hagað í samráði við ríkisbókhald.

Rekstraráætlun skóla og reikningsuppgjör skal miða við almanaksár með sama hætti og fjárlög.

Endurskoðun er í höndum ríkisendurskoðunar eða löggilts endurskoðanda sem hún felur það starf.

### 33. gr.

Þar sem nauðsynlegt telst að reka heimavist greiðir ríkissjóður kostnað við umsjón. Tækjabúnað og rekstrarbúnað húsnæðis greiðir ríkissjóður á sama hátt og rekstrarkostnað annars húsnæðis hlutaðeigandi skóla en sérstakan rekstrarkostnað heimavistar og mótuneytis greiða nemendur.

Skólameistari og skólnefnd hafa umsjón með rekstri heimavistar og mótuneytis nemenda.

Hagnaður af leigu skólahúsnæðis skal renna til viðhalds og endurnýjunar húsnæðis og búnaðar.

### 34. gr.

Við ákvörðun fjárveitinga til kennslu í framhaldsskólum skal miða við grunntöluna 1,7 til 2,0 kennslustundir á viku á hvern nemanda í fullu bóknámi eftir stærð og gerð skóla.

Þessu til viðbótar skal koma sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til þess að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smærri námshópa.

Menntamálaráðherra setur í námsskrá ákvæði um hvaða greinar teljast verknám og sérnám og setur reglur um hvaða álög á meðaltalstölu skuli miða við í áætlanagerð til fjárlaga vegna kennslulauna.

## IX. KAFLI

### Fullorðinsfræðsla og eftirmenntun.

#### 35. gr.

Heimilt er framhaldsskólum að veita þeim er orðnir eru 18 ára að aldri aðgang að einstökum námsáföngum dagskóla án tillits til þess hvort þeir uppfylla skilyrði til inntöku að öðru leyti. Einnig er framhaldsskólum heimilt að stofna til sérstakra námskeiða, þar á meðal kvöldskóla (öldungadeilda), fyrir fólk sem hentar ekki að sækja reglubundna kennslu í skóla en æskir að ljúka námi hliðstæðu því sem í boði er á námsbrautum hans. Fyrir slíka kennslu skulu nemendur greiða kennslugjald sem svarar til sem næst þriðjungs kennslulauna. Nánari ákvæði um þessa stafsemi skulu sett í reglugerð.

#### 36. gr.

Heimilt er framhaldsskólum að veita menntun í öðrum greinum en 35. gr. tekur til og geta efnt til eftirmenntunarnáms m. a. í samráði við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa.

Námshjöld miðast við að nemendur greiði a. m. k. þriðjung kennslulauna. Í slíku námi er kostnaðaraðild ríkissjóðs háð samþykki menntamálaráðuneytis.



## X. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

37. gr.

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að reka áfram það fræðslustarf sem þeir hafa annast og til þess að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur.

Um fjárveitingu úr ríkissjóði gilda sömu ákvæði og um aðra framhaldsskóla varðandi rekstrar- og stofnkostnað, sbr. 3. og 32. gr., enda hafi menntamálaráðuneyti samþykkt áætlun um rekstur skólanna og fé verið veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði. Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við að skólar þessir starfi í samræmi við megin stefnu þessara laga og samkvæmt námsskrám og reglugerðum sem settar verða.

Verði skólar þessir lagðir niður eða húsnæði þeirra eigi nýtt til kennslu eða heimavistar fær ríkissjóður eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ríki ágreiningur um eignaskiptingu skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptingu og er úrskurður þeirra endanlegur.

Skólanefndir skulu starfa við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Skal einn skólanefndarmaður tilnefndur af menntamálaráðherra en eignaraðilar skipa hina. Hafa skólanefndir með höndum fjárreiður skólanna og eignaumsýslu í umboði eigenda. Skólanefndir ráða skólastjóra svo og kennara í samráði við hann. Nefndin kys sér sjálf formann og varaformann.

38. gr.

Alþingi ákveður framlag ríkissjóðs til skóla á framhaldskólastigi, sem stofnaðir eru af einkaaðilum eða samtökum með hlöðstæðum hætti og nú er um Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólann, enda uppfylli þessir skólar sams konar skilyrði um námsframboð og kennsluskipan.

39. gr.

Heimilt er að lána skólahúsnæði til félagsstarfsemi utan reglulegs skólatíma enda greiðist fyrir leiga sem nemur a.m.k. kostnaði fyrir rafmagn, hita, ræstingu og vörslu. Skólanefnd setur almennar reglur um slíka ráðstöfun skólahúsnæðis.

## XI. KAFLI

### Lög sem úr gildi falla og gildistökuákvæði.

40. gr.

Eftirtalin lög falla úr gildi við gildistöku laga þessara. Alþingi ákveður með þingsályktun hvaða sérskólar skuli starfa áfram sem sjálfstæðar stofnanir, sbr. c-lið 1. gr. laga þessara. Lög nr. 10/1973, um Fósturskóla Íslands, nr. 12/1970 og nr. 82/1984, um menntaskóla, nr. 51/1976, um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, nr. 14/1973, nr. 21/1977, nr. 40/1980 og nr. 85/1984, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla, nr. 55/1971 og nr. 18/1981, um fiskvinnsluskóla, nr. 37/1975, um Leiklistarskóla Íslands, nr. 35/1964, um Ljósmeðraskóla Íslands, nr. 53/1975, um hússtjórnarskóla, nr. 35/1962, um Hjúkrunarskóla Íslands, nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands, nr. 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 1/1973, um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, nr. 11/1985, um vélstjórnarnám, nr. 68/1966, nr. 18/1971 og 68/1972, um iðnfræðslu, nr. 33/1975, um Sjóvinnuskóla Íslands, nr. 37/1965, um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, nr. 81/1972, um hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann, nr. 6/1971 og nr. 109/1974, um Hótel- og veitingaskóla Íslands og nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma að fullu til framkvæmda í upphafi skólaársins 1988–89.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að framlengja leyfi til rekstrar framhaldsdeilda grunnskóla, sem reknar hafa verið á framhaldsskólastigi, í allt að fimm ár frá gildistöku laga þessara.

#### G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta flytur menntamálaráðherra til kynningar og mun hann fara þess á leit við menntamálanefnd neðri deildar að hún dreifi frumvarpinu til umsagnar.

Menntamálaráðuneytið hefur þegar sent eftirtöldum aðilum frumvarpið: Bandalagi kennarafélaga, Skólameistarafélagi Íslands, rektorum, skólameisturum og skólastjórum allra skóla á framhaldsskólastigi, rektor Háskóla Íslands, rektor Kennaraháskóla Íslands, rektor Tækniskóla Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, iðnfræðslulaganefnd, samstarfshópi um sjávarútvegsskóla, grunnskólanefnd, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Frumvarpið er samið af nefnd sem Sverrir Hermannsson menntamálaráðherra skipaði þann 8. desember 1985. Í nefndinni sátu eftirtaldir: Birgir Ísl. Gunnarsson alþingismaður, formaður, Magnús Pétursson hagsýslustjóri, tilnefndur af fjármálaráðherra, Björn L. Halldórsson lögfræðingur, tilnefndur af borgarstjóra, Björn Friðfinnsson framkvæmdastjóri og Ingimundur Sigurpálsson bæjarstjóri, tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jón Böðvarsson fyrrverandi skólameistari og Jón R. Hjálmarsson fræðslustjóri, skipaðir af menntamálaráðherra án tilnefningar. Upphaflega var Eyjólfur Konráð Jónsson alþingismaður skipaður formaður nefndarinnar, en hann óskaði eftir að verða leystur frá því starfi og var Birgir Ísl. Gunnarsson þá tilnefndur formaður þann 13. maí 1986. Með nefndinni hefur starfað Stefán Ólafur Jónsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu.

Í skipunarbréfi menntamálaráðherra segir m.a.: „Þess er óskað að nefndin semji m.a. sem einn þátt frumvarpsins, reglur um fjármál framhaldsskóla og skiptingu kostnaðar við stofn og rekstur skólanna, er séu eins skýrar og einfaldar og unnt er. Til álita kemur að allur kostnaður við framhaldsskóla greiðist af ríkisvaldinu, en á móti kæmi hugsanlega að allur kostnaður við grunnskóla greiðist af sveitarfélögum, enda yrði þá að sjá sveitarfélögum fyrir tekjustofnum til að mæta þeim viðbótarkostnaði, sem af slíku fyrirkomulagi kynni að leiða.“

Með tilvísun til þessa tók nefndin það sem sitt fyrsta verkefni að semja reglur um stofn- og rekstrarkostnað framhaldsskóla. Eftir því er á leið nefndarstarfið varð nefndin sammála um að óheppilegt væri að semja sérstakt frumvarp um fjármál framhaldsskóla. Eðlilegra væri að fella ákvæði um fjármálin inn í heildarfrumvarp um framhaldsskóla. Varð því úr að nefndin samdi slíkt frumvarp.

Helstu einkenni frumvarpsins eru:

1. Frumvarpið felur í sér rammalöggjöf sem taki til alls náms á framhaldsskólastigi, er taki við af skyldunámsstigi og undirbúi nemendur til háskólanáms eða til starfs.
2. Nám á framhaldsskólastigi er skipulagt í námsáföngum og skal hver áfangi skilgreindur og metinn til eininga í námsskrá sem menntamálaráðuneyti setur og semur í samráði við skólastjórnendur, iðnfræðsluráð, faggreinafélög o.fl. Öllum framhaldsskólum er skylt að fylgja námsskrárákvæðum, en þrátt fyrir skiptingu námsefnis í áfanga geta skólar sem þess óska haldið bekkjarkerfi og starfað áfram með líkum hætti og þeir gera nú.

3. Með frumvarpinu er stefnt að greinilegri verkaskiptingu en nú er milli menntamálaráðuneytis og skólayfirvalda á hverjum stað. Hlutverk ráðuneytis verði stefnumótun, kennslueftirlit og gerð tillagna um fjárveitingar til hvers skóla en framkvæmd skólastarfs innan ramma námsskrár og fjárveitinga sé í höndum skólanefnda og skólastjórnenda.
4. Stofnkostnaður framhaldsskóla greiðist sameiginlega af ríki og viðkomandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum í þeim hlutföllum að ríkið greiði 60% og sveitarfélag eða sveitarfélög greiði 40%.
5. Ríkið greiði rekstrarkostnað framhaldsskólanna.
6. Tryggt sé samstarf við atvinnulífið í iðnnámi með iðnfræðsluráði sem sé til ráðuneytis um skipulag námsins og kennslueftirlit. Einnig skulu fræðslunefndir starfa til að skipuleggja fræðslu í einstökum iðngreinaflokkum.
7. Starfa skal fræðsluráð sjávarútvegs tilnefnt af samtökum og stofnunum sjávarútvegsins sem móti í samvinnu við menntamálaráðuneytið heildarstefnu og fræðsluskipulag í sjávarútvegsgreinum.
8. Aðild sveitarfélaga og heimamanna að stjórnnum skólanna verði í formi aðildar að skólanefndum sem starfi við hvern framhaldsskóla. Þær skulu skipaðar þremur fulltrúum (tveimur tilnefndum af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum og einum tilnefndum af menntamálaráðherra). Skólanefndir fái vald til ákvörðunar um skipulag náms og námsframboð. Einnig til ákvörðunar um rekstur innan ramma fjárveitinga.
9. Skólameistari verði framkvæmdastjóri skólanefnda og stjórn daglegum rekstri skóla.
10. Hver skóli verði sjálfstæð rekstrareining. Ríkissjóður greiði laun fyrir kennslu, stjórnun og prófdæmingu beint. Annan rekstrarkostnað greiði ríkissjóður til skóla ársfjórðungslega fyrir fram. Sú meginregla gildi að sama framlag komi á hvern nemanda hvar sem er á landinu með heimild til sérgreinds framlags ef sérstakar aðstæður ríkja.
11. Þar sem nauðsynlegt er að reka heimavist greiði ríkissjóður kostnað við umsjón, tækja- og rekstrarbúnað húsnæðis. Sérstakan rekstrarkostnað heimavistar og mötuneytis greiði nemendur.
12. Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands starfi áfram á sama grundvelli og áður og opnuð er heimild fyrir menntamálaráðherra að samþykkja kostnaðarþátttöku við einkaskóla á framhaldsskólastigi.
13. Framhaldsskólum verði heimilt að annast menntun fullorðinna á þeim námsbrautum er skólinn starfrækir svo og að stofna til sérstakra námskeiða (öldungadeilda). Skulu nemendur greiða sem næst þriðjungi kennslulauna. Einnig verði framhaldsskólum heimilt að efna til eftirmenntunarnáms.

Eins og fram kemur í því sem að framan greinir er í frumvarpi þessu leitast við að veita hverjum framhaldsskóla nokkurt sjálfstæði til ákvörðunar um innihald og þróun náms, svo og nokkurt fjárhagslegt sjálfstæði. Þar með er skólunum veitt aðstaða til þess að taka tillit til staðhátta og þarfa atvinnulífs á hverjum stað. Það er skoðun nefndarinnar að slíkt sé nauðsynlegt ef tryggja á að framhaldsskólamenntun geti þróast í samræmi við hinar fjölbreytilegu kröfur tímans.

Hér verður ekki rakið nánar efni frumvarpsins en í skýringum við einstakar greinar hér á eftir er nánar rökstutt hvað býr að baki þeim tillögum sem þar eru settar fram.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Gildissvið laganna er skilgreint í grein þessari og ráðgert að lög þessi taki til náms á framhaldsskólastigi er taki við af skyldunámsstigi og allt til háskólastigs. sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Allmargir framhaldsskólar sem undir lög þessi falla eiga langa sögu

og eru ríkir af hefðum. Þess vegna var talið rétt að taka af allan vafa um að þrátt fyrir ein framhaldsskólalög gætu einstakar skólastofnanir áfram borið sérstakt nafn t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki. Í staflíðum a–c í þessari grein er nánar skilgreint hvaða skólar falla undir ákvæði laganna. Í staflíð a eru taldir upp menntaskólar sem nú starfa en í staflíð b er fram tekið að þeir geti breyst í fjölbrautaskóla. Þessi frumvarpsgrein tekur hins vegar ekki afstöðu til þess. Í staflíð b eru taldir upp aðrir framhaldsskólar, þ.e. fjölbrautaskólar, iðnfræðsluskólar og aðrir framhaldsskólar. Langflestir framhaldsskólar sem nú starfa falla undir b-lið.

Í staflíð c er gert ráð fyrir að á framhaldsskólastigi starfi áfram sérskólar sem ekki telst hagkvæmt að fella inn í námsbrautir annarra framhaldsskóla. Slíkir skólar yrðu með sérgreindu námi sem aðeins yrði stundað á einum stað á landinu. Í lokakafla frumvarpsins er ráðgert að sérlæg um slíka skóla verði afnumin, en Alþingi ákveði með þingsályktun hvaða sérskólar skuli áfram starfa, og í greinarlok er kveðið á um að setja skuli reglugerð um hvern sérskóla sem ákveðið verður að starfi samkvæmt þessum lið.

Um 2. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Hér er ákveðin sú stofnkostnaðarskipting við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla að ríkissjóður greiði 60% en sveitarsjóður eða sveitarsjóðir greiði 40%. Samkvæmt þessu geta fleiri en eitt sveitarfélag átt aðild að framhaldsskóla á mótí ríkinu. Samþykki Alþingis þarf til þess að stofnaður verði nýr framhaldsskóli og samþykki sveitarstjórnar verður einnig til að koma þannig að hún gerist aðili að skóla, og áskilið að gera skuli samning milli ríkis og sveitarfélags eða sveitarfélaga um byggingarframkvæmdir vegna framhaldsskóla. Sú staða kann að koma upp varðandi einstaka sérskóla, t.d. skóla með það sérhæft nám að aðeins einn slíkur er til á landinu, að sveitarfélög fái ekki til þess að verða aðilar að slíkum skóla. Þess vegna er gert ráð fyrir því í lögnum að unnt sé að stofna sérskóla án aðildar sveitarfélaga og greiðist þá allur kostnaður úr ríkissjóði.

Sem fyrr segir skal gera samning milli ríkis og sveitarfélaga um nýframkvæmdir og endurbætur húsnæðis vegna framhaldsskóla. Þar skulu m.a. vera ákvæði um stjórn hönnunar og framkvæmda, hönnun, byggingarhraða og greiðslustreymi. Heimilt er að fela sveitarfélögum sem aðild eiga að framhaldsskóla að fara með undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum eins og tíðkast hefur hingað til — hafi þau til þess burði.

Um 4. gr.

Varðandi þessa grein er rétt að taka fram að gert er ráð fyrir því að skólamannvirki, sem eru í notkun við gildistöku þessara laga, skuli vera eign ríkis og/eða sveitarfélaga í sömu hlutföllum og þessir aðilar hafa greitt stofnkostnað mannvirkja.

Um 5. gr.

Í þessari grein er því slegið föstu að menntamálaráðuneyti fari með yfirstjórn mála sem lög þessi taka til og hafi með höndum námsskrárgerð og kennslueftirlit. Í stjórnunarþætti ráðuneytisins felst einnig að það vinni að þróun framhaldsskólans. Enn fremur er staðfest það hlutverk menntamálaráðuneytis að gera tillögur um fjárveitingu á fjárlögum til hvers skóla, bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað.

#### Um 6. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því að skólanefnd skipuð þremur mönnum starfi við hvern framhaldsskóla. Menntamálaráðherra skipar formann en hlutaðeigandi sveitarfélag eða sveitarfélög skipa tvo nefndarmenn. Með þessu fyrirkomulagi er leitast við að tryggja samstarf ríkis og heimamanna um stjórnun hvers framhaldsskóla. Skipun skólanefnda með þessum hætti við alla framhaldsskóla er nýmæli. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra tilnefni alla skólanefndarmenn við sérskóla sem stofnaðir kunna að verða án þátttöku sveitarfélaga.

#### Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað um verkefni skólanefnda. Hlutverk skólanefndanna snertir bæði hinn kennslufræðilega þátt í skólastarfi svo og hinn fjárhagslega.

Í 3. mgr. er skólanefnd veitt heimild til að ákveða upphæð ýmissa gjalda svo og meðferð þeirra. Gjöld af þessu tagi eru nú þegar innheimt við flesta skóla og teljast hluti af fjárreiðum skólanna. Hér er því ekki um að ræða neina meginbreytingu frá ríkjandi ástandi en rétt þykir að festa í lög ákvæði um gjöld þessi.

Við ýmsa skóla hafa verið stofnaðir sérstakir sjóðir í ákveðnum tilgangi og kann það að vera nokkuð mismunandi eftir skólum. Því þykir í 4. mgr. þessarar greinar rétt að setja ákvæði um sjóði þessa til að tryggja örugga meðferð þeirra.

#### Um 8. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er fjallað um starfssvið skólameistara (rektors) en í 2. og 3. mgr. um skólaráð sem vera skuli skólameistara til aðstoðar við stjórnun skóla og rekstur. Ráðgert er að í skólaráði sitji auk skólameistara fulltrúar kennara og nemenda svo og aðstoðarskólameistari, starfi hann við skólann.

Skólaráði er ætlað að vera lýðræðislegur vettvangur umfjöllunar um málefni hvers skóla.

Skólanefnd hvers skóla skal setja reglur um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti.

#### Um 9. gr.

Í þessari grein er fjallað um nemendaráð er starfi við hvern framhaldsskóla og sé það m.a. fulltrúi nemenda í hagsmunamálum þeirra. Kveðið er á um að nemendaráð hafi tillögu- og umsagnarrétt um markmið náms, námsefni og kennslutilhögun í skóla sínum. Samtök nemendanna sjálfra skulu setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

#### Um 10. gr.

Ekki hefur til þessa verið sett reglugerð um almenna kennarafundi og verksvið þeirra en í þessari grein er ráðgert að svo verði.

#### Um 11. gr.

Í þessari grein er ákveðið að um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa milli þeirra fari eftir stærð og gerð skóla og fjárveitingu hverju sinni. Að öðru leyti fjallar greinin um hverjir ráða skuli hina einstöku starfsmenn. Menntamálaráðherra setur eða skipar skólameistara (rektor) framhaldsskóla að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefnda. Menntamálaráðherra setur eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar og skólameistara, en skólameistari ræður stundakennara og aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd.

#### Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Þessi grein fjallar um sérstakt orlof kennara. Fallið var frá þeirri hugmynd að setja ákvæði um eftirmenntun kennara í þessi lög sökum þess að í undirbúningi er lagasetning um það efni.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Í þessari grein er fjallað um inntökuskilyrði í framhaldsskóla. Kveðið er á um að allir þeir sem lokið hafi grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun geti hafið nám í framhaldsskóla. Þá er kveðið á um að nemendum sé skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt ákvæðum í námsskrám hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri. Í þessari grein er skólanefndum falið það vald að veita undanþágu frá þessu ákvæði fyrir nemendur sem hefja nám átján ára og eldri og setja lágmarkskröfur í einstökum greinum til inntöku í tiltekna námsáfanga. Þessi ákvæði eru einn þáttur í þeirri viðleitni, sem fram kemur í þessu frumvarpi, að veita skólunum aukið sjálfstæði.

Um 16. og 17. gr.

Í þessum greinum eru markaðir megindrættir í námsskipan framhaldsskóla. Allt nám skal fara fram innan tiltekinnna námsbrauta sem stefna að skilgreindu marki. Skal miðað við undirbúning til starfa eða til áframhaldandi náms ellegar hvort tveggja. Til grundvallar liggur skipting námsefnisins í námsáfanga en áföngum er skipað á námsbrautir. Ekki þykir eðlilegt að binda í lögum hvaða námsbrautir skuli koma til greina. Námsbrautir eru fyrst og fremst skipulagslegt hugtak sem óþarft er að skorða í löggjöf. Ljóst er að upptalning námsbrauta í lögum getur ekki verið tæmandi nema stutt skeið í senn og þyrfti þá lagabreytingu í hvert skipti til þess að stofna nýja námsbraut. Í fjárlagagerð gefst Alþingi jafnan kostur á að hafa úrslitaáhrif á námsframboð.

Skipting langra námsbrauta í styttri áfanga er mikilvægt atriði, bæði vegna mismunandi áforma nemenda um framhaldsskólanám og til að auðvelda „áfangamenntun“ í þeirri merkingu að fólk eigi þess kost að bæta við sig námi eftir tímabil í starfi. Í ýmsum starfsgreinum hagar og þannig til að undirbúningsþarfir eru mismunandi til starfa innan sömu greinar. Miklu skiptir að námsmarkmið hvers „brautaráfanga“ liggja ljóst fyrir, þ.e. hvaða hæfniskröfum sé miðað við að nemendur fullnægi.

Með samhæfingu bóklegs og verklegs náms er átt við hvort tveggja: að námið sé eftir föngum slungið báðum þessum þáttum og að þeir fái stuðning hvor af öðrum í kennslunni. — Svigrúm frjálsra valgreina verður trúlega misjafnt eftir námsbrautum en mikilvægt er að það sé ætíð nokkurt.

Um 18. gr.

Í 18. gr. er vikið að tveimur undirstöðuatriðum sem endurskoðun náms á framhaldsskólastigi beinist m.a. að, þ.e. að tryggja að engin námsbraut verði blindgata og að auðvelda samgöngur milli brauta. Þessi markmið eru hvort öðru tengd. Vert er að leggja áherslu á að ekki er kveðið á um að sérhver námsbraut leiði beint inn í háskóla heldur að liggja skuli fyrir hvernig áfram verði komist jafnframt því að fyrra nám nýtist.

Um 19. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að nám á framhaldsskólastigi skuli skipulagt í námsáföngum og skal hver áfangi skilgreindur og metinn til eininga eftir umfangi námsefnis. Öllum framhaldsskólum er skylt að fylgja slíkum ákvæðum en þrátt fyrir skiptingu námsefnis

í áfanga geta skólar sem þess óska haldið bekkjakerfi og starfað áfram með líkum hætti og þeir gera nú. Í námsskrá verði kveðið á um hvað telst bóklegt námsefni í skilningi þessarar greinar.

#### Um 20. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að í námsskrá, sem menntamálaráðuneytið setur, skuli kveðið á um námsáfangi, markmið þeirra, megininntak, umfang og skipan á námsbrautir. Þótt ekki sé það berum orðum tekið fram í frumvarpinu er reiknað með að við setningu námsskrár muni menntamálaráðuneyti, eins og verið hefur, hafa samráð við skólastjórnendur, iðnfræðsluráð, faggreinafélög og fleiri aðila sem láta sig nám á sínu sviði varða.

#### Um 21. gr.

Hér er mælt fyrir um að í námsskrá skuli sett ákvæði um námsmat, m.a. próf og vitnisburði. Fyrri hugmyndir hafa gengið út á að ákvæði um þessi atriði yrðu sett í reglugerð. Þá er hér og sú nýjung að fyrir er mælt að nemendur skuli hafa rétt til þess að sjá prófúrlausnir sínar.

#### Um 22. gr.

Grein þessari er ætlað að tryggja ákveðið þekkingarstig við stúdentspróf sem á að veita rétt til inngöngu í háskóla. Í námsskrá skulu ákveðnar námskröfur til annarra prófa.

Nokkrum deilum kann að valda að námsefni til stúdentsprófs skuli fastbundið með þeim hætti sem hér er gert en önnur próf ekki. Hér ber þess að gæta að venja er að miða námsbrautir á framhaldsskólastigi við stúdentspróf vegna þess að það hefur verið talið víðamest próf á skólastiginu.

#### Um 23.–25. gr.

Í þessum greinum er fjallað um iðnnám. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn og skal það vera til ráðuneytis um mótun heildarstefnu og skipulag í iðnfræðslu, löggiltum iðngreinum og verksmiðjuíðnaði. Við samningu þessara greina um iðnnám hefur verið byggt á einróma tillögum sérstakrar nefndar sem menntamálaráðherra skipaði og fjallaði um nám á iðnfræðslustigi.

#### Um 26. gr.

Í þessari grein er lögð skylda á menntamálaráðuneytið að halda uppi framhaldsnámi fyrir iðnsveina til meistaraþrófs í því skyni að veita þeim aukna þekkingu í starfsgrein sinni, stjórnun og rekstri fyrirtækja. Í þessari grein er ekki kveðið á um hvar vista skuli slíkt nám en lagt á herðar menntamálaráðuneytis að taka ákvörðun um það.

#### Um 27. gr.

Þessi grein er nýmæli. Er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi sérstakt fræðsluráð sjávarútvegs og skuli það skipað fulltrúum ýmissa aðila sem tengjast sjávarútvegi og fiskvinnslu. Greinin er í samræmi við tillögur sem nefnd á vegum menntamálaráðherra og sjávarútvegsráðherra um skipulag fræðslumála sjávarútvegs lagði fram. Með þessu fyrirkomulagi er reynt að tryggja samstarf skóla og atvinnulífs á þessu sviði á sama hátt og leitast er við að gera í iðnnámi.

#### Um 28. gr.

Ýmis lagaákvæði gera ráð fyrir því að ákveðið nám sé skilyrði þess að öðlast atvinnuréttindi. Í þessari grein segir að slíkt nám skuli skipulagt í samvinnu við stofnanir eða við sérskóla á framhaldsskólastigi sem starfa samkvæmt sérstökum reglugerðum. Dæmi um

slíkt nám er t.d. nám á ýmsum sviðum heilbrigðismála. Þarna er og ítrekuð sú meginstefna sem kemur víðar fram í frumvarpinu að auk starfsréttinda skuli nám á framhaldsskólastigi veita rétt til frekara náms.

Um 29. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að á framhaldsskólastigi skuli veita fötluðum nemendum kennslu og þjálfun við hæfi og sérstakan stuðning í námi og staðfest að fatlað fólk skuli eiga kost á námi á framhaldsskólastigi.

Um 31. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er því slegið föstu að ríkissjóður greiði allan rekstrarkostnað framhaldsskóla og hver skóli skuli vera sjálfstæð rekstrareining. Til þessa hefur það verið nokkuð mismunandi hvernig rekstrarkostnaður skóla hefur verið greiddur. Ýmist hefur ríkissjóður einn staðið straum af rekstrarkostnaði framhaldsskóla eða samvinna hefur verið milli ríkis og sveitarfélaga um reksturinn. Hér er gert ráð fyrir þeirri breytingu að ríkissjóður einn skuli greiða rekstrarkostnað framhaldsskóla.

Þá er í þessari grein það nýmæli að annar rekstrarkostnaður en launakostnaður skuli greiddur til skóla ársfjórðungslega fyrir fram. Með þessu fyrirkomulagi er leitast við að auka fjárhagslegt sjálfstæði framhaldsskólanna og veita jafnframt stjórnendum þeirra svigrúm til sjálfstæðra ákvarðana varðandi annan rekstrarkostnað en launakostnað. Átti það að vera hvatning til meira aðhalds en jafnframt að auka sjálfstæðiskennd skólastjórnaða.

Þá er og heimilað að ráða til framhaldsskóla sérstakan fjármálafulltrúa til að annast fjárreiður skóla. Ákvæði um slíkan starfsmann hafa ekki áður verið í lögum þó að fjármála-fulltrúar hafi starfað við nokkra skóla. Gert er ráð fyrir því að starf fjármála-fulltrúa geti verið hlutastarf þótt ekki sé það berum orðum sagt í frumvarpsgreininni.

Um 33. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir sama fyrirkomulagi þessara mála og verið hefur.

Um 34. gr.

Með þessari grein er leitast við að setja almennar viðmiðunarreglur um ákvörðun fjárveitinga til kennslu í framhaldsskólum. Vegna mismunandi eðlis náms er erfitt að setja fastar viðmiðunarreglur en hér er miðað við grunntöluna 1,7–2,0 kennslustundir á viku á hvern nemenda í fullu bóknámi og fer eftir stærð og gerð skóla hvaða viðmiðunartala skal notuð innan þess ramma. Þessu til viðbótar skal koma stundafjöldi sem nauðsynlegur er til þess að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smærri námshópa. Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra setji nánari reglur um útreikning þennan.

Um 35. gr.

Með þessari grein eru staðfestar ríkjandi venjur um fullorðinsfræðslu og inntöku nemenda eldri en 18 ára í dagskóla. Þessi ákvæði eru nýjung í löggjöf en ekki í framkvæmd.



Um 36. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru nýmæli. Ráðgert er að eftirmenntunarnám geti farið fram í framhaldsskólum og er það þáttur í viðleitni þessa frumvarps til að treysta tengsl atvinnulífs og skóla.

Um 37. gr.

Í þessari grein er staðfest að Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafi rétt til þess að reka áfram það fræðslustarf sem þeir hafa annast og til að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur. Gert er ráð fyrir því að staða þessara skóla verði sem líkust því sem hún er nú. Í þessa grein eru tekin upp aðalatriði núgildandi laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, nr. 51 1976, en þessir tveir skólar hafa starfað á grundvelli þeirra laga. Gert er ráð fyrir að skólanefndir starfi við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands en í stað sveitarfélaga í öðrum framhaldsskólum skuli eignaraðilar tilnefna aðra skólanefndarmenn en þann sem menntamálaráðherra skipar. Ekki er fast-ákveðið í þessari frumvarpsgrein hversu margir skuli skipa skólanefndir þessara tveggja skóla.

Um 38. gr.

Með þessu ákvæði er sett inn hliðstætt heimildarákvæði varðandi einkaskóla og er í lögum um grunnskóla.

Um 39. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 40. gr.

Í þessari lagagrein eru talin upp lög sem lagt er til að falli úr gildi við gildistöku þessara laga m.a. ýmis lög um sérskóla á framhaldsskólastigi. Þess vegna er lagt til að Alþingi ákveði með þingsályktun hvaða sérskólar skuli starfa áfram sem sjálfstæðar stofnanir og í c-lið 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að setja skuli sérstaka reglugerð um hvern þessara skóla. Verði tekin ákvörðun um að færa nám í einhverjum þessara skóla á háskólastig þarf um það sérstaka ákvörðun sem er utan við verksvið þessa lagafrumvarps. Þá er og ítrekað það sem fjallað er um í 1. gr. þessa frumvarps að einstakar skólastofnanir geti borið sérstakt nafn, t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki, þótt sérlög sem nú gilda um þá skóla verði felld úr gildi. Kostur þess að fella úr gildi ýmis sérlög um einstaka skóla er sá að þá er auðveldara að fella námið í heildarskipulag og forða þannig nemendum frá því að lenda í blindgötu í námi sínu.

Tækniskóli Íslands starfar nú sem blandaður skóli, þannig að nám í þeim skóla telst sumt á framhaldsskólastigi, annað á háskólastigi. Ekki er lagt til að lög um þennan skóla falli úr gildi en áhersla er lögð á að samin verði um hann ný löggjöf þannig að framhaldsskólaþátturinn í skólastarfinu lagist að öðru framhaldsskólanámi en sett verði ný löggjöf um þá námsþætti sem teljast háskólanám.

Íþróttakennaraskóli Íslands brautskráir nú nemendur með sams konar réttindi og Kennaraháskóli Íslands. Ekki er lagt hér til að fella úr gildi lög um Íþróttakennaraskóla Íslands en nauðsynlegt virðist að endurskoða lög um þann skóla og fella þau að lögum um Kennaraháskóla Íslands. Sama máli gegnir um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.

Skólar, sem starfa á sviði búnaðarfræðslu, hafa nokkra sérstöðu. Sumir þeirra starfa bæði á framhaldsskólastigi og á háskólastigi. Stjórn þessara skóla fellur undir landbúnaðar-ráðuneytið. Af þessum ástæðum m.a. er ekki lagt til að lög um búnaðarfræðslu og Garðyrkjuskóla ríkisins verði felld niður. Bent er á nauðsyn þess að löggjöf um búnaðarfræðslu og Garðyrkjuskóla ríkisins verði endurskoðuð, þannig að nám í þessum skólum falli að ákvæðum þessa frumvarps.

Sérstök athygli er vakin á því að lagt er til að lög um Leiklistarskóla Íslands og Myndlista- og handíðaskóla Íslands verði felld úr gildi. Ljóst er þó að skólar þessir munu starfa áfram sem sérskólar og þá a.m.k. fyrst um sinn skv. c-lið 1. gr. þessa frumvarps. Nauðsynlegt er að setja nýja löggjöf um þá námsþætti í Myndlista- og handíðaskólanum sem teljast háskólanám.

Þá þarf að setja löggjöf um þann þátt í starfi Tónlistarskólans í Reykjavík sem teljast mundi háskólanám en gert er ráð fyrir að lögin um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla haldi gildi sínu.

Um 41. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Við nokkra grunnskóla í landinu eru nú reknar framhaldsskóladeildir og gert er ráð fyrir því að menntamálaráðuneytinu sé heimilt að framlengja rekstrarleyfi slíkra framhaldsskóladeilda til allt að fimm ára frá gildistöku laga þessara. Um stofnun nýrra framhaldsdeilda af þessu tagi skulu gilda ákvæði um stofnun nýrra framhaldsskóla.

#### Fylgiskjal I.

##### **Sérálit Magnúsar Péturssonar, fulltrúa fjármálaráðherra í nefndinni, við frumvarp til laga um framhaldsskóla.**

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir að nefndin skuli m.a. semja: „reglur um fjármál framhaldsskóla og skiptingu kostnaðar við stofn og rekstur skólanna, er séu eins skýrar og einfaldar og unnt er. Til álita kemur að allur kostnaður við framhaldsskóla greiðist af ríkisvaldinu, en á móti kæmi hugsanlega að allur kostnaður við grunnskóla greiðist af sveitarfélögum, . . .“

Nefndin hefur ekki talið sig þess umkomna að leggja til að starfsemi framhaldsskólanna verði að öllu leyti færð til ríkisins og að aðild sveitarfélaga að þeim ljúki. Bæði er að slík niðurstaða leiðir til þess að áhrif sveitarfélaganna á starfsemina minnka og einnig að ekki liggur fyrir hver er vilji stjórnvalda um kostnaðarskiptingu vegna starfsemi grunnskóla. En mál þessi tengjast víðtækari umræðu um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Pegar um jafnvíðamikla löggjöf og heildarlöggjöf um framhaldsskóla er að ræða þarf að vanda til verka. Tryggja þarf að nemendur geti stundað markvisst nám sem nýtist þeim í starfi eða til frekara náms. Stefnu stjórnvalda í þessu efni má nefna skólastefnu. Í frumvarpinu, eins og það liggur nú fyrir, er einungis vikið að örfáum þáttum sem varða skólastefnu þó mótun slíkrar stefnu á miðskólastigi sé afar brýn.

Sérálit þetta snýst um tvennt. Það er stofnun skóla og aðild sveitarfélaga að þeim og ákvæði er varða rekstur skólanna. Frumvarpinu er ætlað að mynda samræmda löggjöf um alla skóla á framhaldsskólastigi. Meðal annars er sett sú regla að allir þeir skólar sem falla undir 1. gr. starfi samkvæmt þeirri námsskipan og stjórnunar- og kostnaðarforskrift sem í frumvarpinu felst. Eins og frumvarpið er nú sett fram er þessi meginregla þó brotin hvað varðar stofnkostnað. Þátttaka sveitarfélaga í stofnkostnaði er alls ekki lögbundin þar sem það er háð vilja sveitarstjórna hverju sinni hvort sveitarfélög gerast aðilar að stofnun skóla. Samkvæmt frumvarpinu er þetta þó ein helsta forsenda aðildar þeirra að stjórnun skólanna.

Í þessu séráliti er sett fram sú skoðun að heppilegra sé að undanskilja strax þá skóla sem ekki falla að ákvæðum frumvarpsins fremur en að hafa aðild sveitarstjórna að stofnun og

starfi skólanna óljósa strax frá upphafi. Því er lagt til að lög um Leiklistarskóla Íslands og Myndlista- og handíðaskóla Íslands verði ekki felld úr gildi, sbr. 40. gr. Aðrir skólar skv. 40. gr. ættu að falla undir ákvæði frumvarpsins. Þar með er flokkun skóla í staflíði í 1. gr. óþörf.

Gerð er athugasemd við kostnaðarákvæði frumvarpsins í 3. gr. þess. Að hluta til leiðir breyting á 1. gr. til nauðsynlegrar breytingar á 3. gr., en einnig eru í greininni efnisatriði um forgöngu og tilhögun sem verða að teljast óeðlileg. Því er lagt til að 3. gr. frumvarpsins orðist þannig, að því gefnu að sveitarfélög verði aðilar að stjórnun og stofnkostnaði framhaldsskóla:

„Nýr framhaldsskóli verður eigi stofnaður nema með samþykki Alþingis. Kostnaður við framkvæmdir skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% en sveitarsjóður eða sveitarsjóðir 40% kostnaðar. Á framlög eignaraðila reiknast verðbætur í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu.

Gera skal samning milli aðila áður en framkvæmdir hefjast um nýframkvæmdir, stofnbúnað og endurbætur húsnæðis. Þar skulu m.a. vera ákvæði um stjórn hönnunar og framkvæmda, hönnun byggingarhraða og greiðslustreymi.

Samningar um framkvæmdir skulu undirritaðir af menntamálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum hins vegar. Fjármálaráðherra skal kynna fjárveitinganefnd slíka samninga áður en þeir eru undirritaðir.

Þar sem heimavistir verða reistar í tengslum við framhaldsskóla má gerð húsnæðis og búnaðar miðast við að nýta megi aðstöðuna til gistihúsareksturs utan reglulegs starfstíma skóla. Gerður skal við rekstraraðila skriflegur samningur sem staðfestur er af menntamálaráðuneytinu.

Um undirbúning framkvæmda og málsmeðferð gilda eftir því sem við á ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað, og reglugerða sem gefnar eru út samkvæmt þeim lögum og þessum lögum.

Menntamálaráðuneytið skal setja viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis fyrir framhaldsskóla. Gerðar skulu fyrirmyndir að hönnunar- og verksamningum.“

Að því er varðar ákvæði um rekstur framhaldsskóla eru gerðar eftirfarandi athugasemdir: Í 32. gr. frumvarpsins er fjallað um rekstrarkostnað framhaldsskóla og í 34. gr. eru afar rúm ákvæði um kennslustundafjölda á nemenda. Þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði allan rekstrarkostnað framhaldsskóla sýnist upptalning eins og í 32. gr. þarflaus. Í greininni er blandað saman almennum framkvæmdaratriðum um fjárreiður og ákvörðunum um fjárveitingar. Auk þess eru settar fram heimildir um fjölgun starfsmanna sem kunna að vera réttlætanager, en er þó ástæðulaust að tilgreina umfram aðra starfsmenn skóla. Því er lagt til að í þessari grein standi efnislega tvennt, þ.e. annars vegar það að ríkissjóður greiði rekstrarkostnað við skólastarf með örfáum undantekningum og hins vegar að fjárveiting til framhaldsskólanna verði ákveðin í einu lagi og menntamálaráðuneytinu síðan falið að skipta henni milli skólanna samkvæmt óákveðnum reglum. Slík tilhögun væri í samræmi við hugmyndir manna um svonefnd rammafjárlög. Því er lagt til að 34. gr. falli niður úr frumvarpinu og að 32. gr. hljóði þannig:

„Ríkissjóður greiðir allan rekstrarkostnað framhaldsskóla samkvæmt lögum þessum. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining.

Framlög ríkissjóðs til rekstrar hvers framhaldsskóla skulu miðuð við að sem næst jafnhátt framlag komi á hvern nemanda í sama eða svipuðu námi. Framlög skulu fylgja eftirfarandi reglu:

1. Til launakostnaðar teljast laun fyrir kennslu, stjórnun og prófdæmingu á lokaprófum. Einnig laun fyrir störf á skrifstofu, í skólasafni, vegna ráðgjafar við nemendur, fyrir umsjón eigna skóla og mótuneyti kennara.

Framlag ríkissjóð til kennslulauna á framhaldsskólastigi skal miðast við 2,0 kennslustundir á nemanda á hverja starfsviku skóla auk 0,6 klukkustunda á nemanda á viku til þess að greiða önnur laun vegna skólastarfs.

Menntamálaráðuneytið skiptir heildarstundafjölda milli skóla eftir tegund náms og stærðum skóla, en þó skal frávik aldrei vera meira en 25% frá heildarviðmiðun. Að auki er þó heimilt að auka hlut þeirra skóla þar sem tímasókn nemenda er meiri en 38 stundir á viku.

2. Til annars rekstrarkostnaðar framhaldsskóla telst ræsting og allur annar kostnaður að frátöldum efniskostnaði til verklegrar kennslu sem ríkissjóður greiðir að hálfu á móti nemendum eða öðrum. Til rekstrarkostnaðar telst viðhald vegna eðlilegs slits á eignum, en ekki endurbyggingar og meiri háttar viðhaldsverkefni. Kostnaður við mótuneyti og ferðir nemenda telst ekki til rekstrarkostnaðar.

Framlag til annars rekstrarkostnaðar skal ákveða sem tiltekna fjárhæð á hvern nemanda, þar sem tekið er tillit til hvort starfrækt er heimavist, orkukostnaður er umfram meðaltal í framhaldsskólum og rúmtak húsnæðis. Menntamálaráðuneytið metur árlega þá fjárhæð sem leggja skal til grundvallar.

Með nemanda er átt við þann sem sækir a.m.k. 36 stunda kennslu á viku í 144 kennsludaga á skólaári.

Tekjur af leigu skóla- og heimavistarhúsnæðis renna til rekstrar skólans og skal tekið tillit til þeirra við mat á árlegum framlögum.

Skólameistara er með samþykki skólanefndar heimilt að flytja fjárveitingar milli kostnaðarliða skv. 2. tölul. þannig að framlag ríkissjóðs nýtist sem best þörfum skóla, enda sé fjöldi nemenda í skólanum sá sami og lagður var til grundvallar við ákvörðun um fjárframlög til hans.

Rekstraráætlun skóla og rekstraruppgjör skal miða við almanaksár. Endurskoðun reikninga er í höndum ríkisendurskoðunar.“

## Fylgiskjal II.

### **Sérálit Björns Halldórssonar.**

Varðandi 3. gr. tillögu að frumvarpi til laga um framhaldsskóla skal tekið fram:

Ekki er eðlilegt að gera ráð fyrir að sveitarfélög verði stofnaðilar að menntaskólum er nú eru starfræktir sem ríkisstofnanir alfarið.

Leggja verður áherslu á að báðir aðilar, ríki og sveitarfélög, greiði sameiginlegan stofnkostnað jafnóðum og framkvæmdum miðar áfram, óheppilegt er að um skuldasöfnun hjá öðrum hvorum aðila verði að ræða þótt framlög eigi að vera verðtryggð.

Þá virðist sjálfsagt að gera ráð fyrir því að sveitarfélög hafi forgöngu um stofnun framhaldsskóla, t.d. fjölbrautaskóla og sjái um stofnframkvæmdir.

Er því lagt til að 3. gr. orðist samkvæmt meðfylgjandi tillögu.

14. janúar 1987.

*Björn Halldórsson.*

3. gr.

Alþingi ákveður hvar stofna skuli framhaldsskóla samkvæmt lögum þessum. Sé um að ræða skóla er fellur undir b-lið 1. gr. laga þessara annast sveitarfélag eða sveitarfélög undirbúning stofnunar skólans, þ.m.t. undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum sé þeirra þörf og fyrir liggur fjárveiting á fjárlögum, sama gildir um stækkun eða endurbyggingu húsnæðis framhaldsskóla er falla undir b-lið 1. gr. laga þessara.

Kostnaður við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla, sbr. b-lið 1. gr. laga þessara, skiptist þannig að ríkissjóður greiði 60% en sveitarfélag eða sveitarfélög greiða 40% og skulu báðir aðilar greiða framlög sín jafnóðum og framkvæmdum miðar áfram en verði mismunur þar á skulu framlög leiðrétt miðað við breytingar byggingarvísitölu.

Sama gildir um byggingar- og stofnkostnað þeirra sérskóla, sbr. c-lið 1. gr. laga þessara, sem sveitarfélag eða sveitarfélög hafa forgöngu um að stofna eða samþykkja að verða stofnaðilar að.

Verði ákveðið að stofna sérskóla, sbr. c-lið, án aðildar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðist allur stofnkostnaður úr ríkissjóði.

Gera skal samning um hönnun mannvirkja framhaldsskóla og framkvæmd.

Menntamálaráðuneytið setur viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis framhaldsskóla og lætur gera fyrirmyndir að hönnunar- og verksamningum. Allir hönnunar- og verksamningar framhaldsskóla skulu staðfestir af byggingardeild menntamálaráðuneytisins sem einnig annast undirbúning og umsjón byggingarframkvæmda við framhaldsskóla sem stofnaðir eru án aðildar sveitarfélaga.

Um undirbúning framkvæmda og málsmeðferð gilda eftir því sem við á ákvæði laga nr. 49/1967 og reglugerða sem gefnar eru út samkvæmt þeim lögum og þessum lögum.

Þar sem heimavistir verða reistar í tengslum við framhaldsskóla má gerð húsnæðis og búnaðar miðast við að nýta megi aðstöðuna til gistihúsarekstrar á sumrin. Gerður skal sérstakur samningur við rekstraraðila sem staðfestur er af menntamálaráðuneyti.

### Fylgiskjal III.

#### **Sérálit Ingimundar Sigurpálssonar á 6. gr.**

(19. janúar 1987.)

Í 6. gr. frumvarps til laga um framhaldsskóla er kveðið á um að þóknun til skólanefndarmanna og annan kostnað vegna starfa þeirra skuli tilnefningaraðilar greiða. Það ákvæði hef ég ekki fellt mig við og eru ástæður þessar helstar:

Menntamálaráðherra er samkvæmt frumvarpinu ætlað að skipa skólanefnd við hvern framhaldsskóla sem í sitja þrír menn: Tveir tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum og einn án tilnefningar. Í samræmi við það skipunarvald verður að líta svo á að skólanefnd beri beina ábyrgð gagnvart menntamálaráðherra á því hlutverki sem henni er ætlað. Samkvæmt frumvarpinu fer menntamálaráðuneytið með yfirstjórn í málefnum framhaldsskóla en skólanefnd hefur með höndum yfirstjórn hvers skóla. Telja verður edlilegt að líta á kostnað af störfum skólanefndar sem hluta rekstrarkostnaðar hvers skóla, enda verður að gera ráð fyrir að skólanefndin öll starfi í þágu skólans.

Mikilvægt er að ábyrgðarsvið skólanefndar sé skýrt og að ótvírætt sé gagnvart hverjum nefndin ber ábyrgð. Með því að gera sveitarstjórnnum að greiða þóknun og kostnað af störfum þeirra nefndarmanna, sem þær tilnefna, er hætt við að þeir nefndarmenn telji sig

bera ábyrgð gagnvart sveitarstjórn, en ekki ráðherra sem skipaði þá. Þá verður í annan stað að telja mikilsvert að þóknun til nefndarmanna og greiðslur kostnaðar, sem störfum þeirra fylgir, fari eftir sömu reglum. Líklegt er að svo verði ekki ef margir óskyldir aðilar taka ákvarðanir um slíkar greiðslur.

Tilgangur tilnefningar sveitarfélaga í skólanefndir er í mínum huga einkum sá að koma sjónarmiðum heimamanna að við mótun stefnu í skólalaldi á hverjum stað. Þeim tilgangi verður að mínu mati betur náð ef ábyrgðarsvið skólanefndar er skýrt og stuðlað er að eindrægni innan skólanefnda með því að láta sama um alla gilda.

Í samræmi við það, sem að framan greinir, legg ég til, að 6. gr. frumvarps til laga um framhaldsskóla verði orðuð svo:

„Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla. Í henni sitja þrjú menn: formaður, tilnefndur af menntamálaráðherra eftir hver ríkisstjórnarskipti, og tveir menn tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum. *Ráðherra ákveður þóknun til skólanefndarmanna fyrir nefndarstörf, og greiðist hún af rekstrarfé hvers skóla.* Skólanefndir við sérskóla, sem stofnaðir kunna að verða án þátttöku sveitarfélaga, sbr. 6. mgr. 3. gr., skulu skipaðar af menntamálaráðherra eftir hver ríkisstjórnarskipti.

Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétti. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.“

(Sá hluti greinarinnar, sem tillaga er gerð um að breyta, er skáletraður.)

Séráliti mínu er hér með komið á framfæri.

Með þökk fyrir ánægjulegt samstarf.

*Ingimundur Sigurpálsson.*

#### Fylgiskjal IV.

##### **Sérálit Jóns Böðvarssonar.**

Ég undirrita meðfylgjandi frumvarp til laga um framhaldsskóla með fyrirvara varðandi 26. grein. — Legg ég til að hún — og skýringargrein henni tengd — orðist svo:

26. gr.

Skylt er menntamálaráðuneyti að halda uppi í *iðnfræðsluskólum* framhaldsnámi fyrir iðnsveina til meistaraprófs í því skyni að veita þeim aukna þekkingu í starfsgrein sinni, stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Setja skal í námsskrá, sbr. 16., 20. og 21. gr., nánari ákvæði um nám til meistaraprófs.

Um námsgjöld vegna meistaraprófs gilda ákvæði IX. kafla.

##### **Skýring með 26. grein.**

Hér er sú skylda lögð á menntamálaráðuneyti að halda uppi framhaldsnámi fyrir iðnsveina til meistaraprófs í því skyni að veita þeim aukna þekkingu í starfsgrein sinni, stjórnun og rekstri fyrirtækja með sama hætti og tíðkast hefur í þremur iðngreinum. Nú er hliðstætt nám ákveðið í öðrum iðngreinum einnig.

Ráðgert er að meistaranám iðnsveina fari fram í iðnfræðsluskólum svo sem tíðkast hefur en hvorki í sérstökum meistaraskóla né í Tækniskóla Íslands.

Sú tilhögun sem hér er fyrirhuguð er rökstudd í nefndaráliti meistaraskólanefndar sem menntamálaráðherra skipaði 28. október 1986 og lauk störfum 23. desember síðast liðinn — og í álitgerð stjórnar Sambands iðnfræðsluskóla frá 26. apríl 1984 um áfangaskýrslu um hlutverk Tækniskóla Íslands.

Sú ráðstöfun að vista meistaranám iðnsveina í iðnfræðsluskólum er í samræmi við 40. gr. þessa frumvarps, samanber og skýringar við þá frumvarpsgrein.

*Jón Böðvarsson.*

#### **Nefndarálit meistaraskólanefndar.**

(23. des. 1986.)

Hinn 28. okt. s.l. skipaði menntamálaráðherra undirritaða í nefnd til að gera tillögur til ráðuneytisins um skipulag meistaraskóla.

Nefndin skilar hér með tillögum sínum til ráðuneytisins:

1. Þeir sem ljúka sveinsprófi í löggiltri iðngrein skulu ljúka námi í meistaraskóla áður en þeir fá meistarabréf.
2. Til þess að öðlast inngöngu í meistaraskóla þarf nemandi að hafa lokið sveinsprófi og starfað í greininni undir stjórn meistara, ekki skemur en eitt ár, sbr. 10. gr. iðnaðarlaga.
3. Iðnráð skulu veita lögreglustjórum og bæjarfógetum umsögn um umsóknir um meistarabréf.
4. Meistarabréf veitir iðnaðarmanni full réttindi til atvinnurekstrar í iðngreininni, hvar sem er á landinu.
5. Meistaranám fer fram í iðnfræðsluskólum að fenginni heimild ráðherra. Nám þetta skal skipuleggja sem eðlilegt framhald iðnnáms og sé það eftir því sem við verður komið undanfari að iðnfræði- og tæknifræðinámi.
6. Þar eð nauðsynlegt er að veita nokkurn aðlögunartíma að þessu fyrirkomulagi er ákveðið að nám á meistaranámsbraut í öðrum iðngreinum en húsasmíði, pípulögnum, múraraiðn og rafiðnum verði 20 einingar.

Til bráðabirgða er gerð tillaga um þessar kennslugreinar:

Lögfræði .....	1 eining
Rekstrarfræði .....	3 einingar
Verkstjórn .....	2 einingar
Vinnusálfræði .....	1 eining
Bókfærsla .....	2 einingar
Enska .....	2 einingar
Íslenska .....	2 einingar
Stærðfræði .....	3 einingar
Tölvufræði .....	2 einingar
Valgr. iðngr. eða skóla .....	2 einingar

Samtals 20 einingar

7. Meistaranám í húsasmíði, pípulögnum og múraraiðn verði 54 einingar. Fyrst um sinn með sama hætti og nú er.

8. Sett verði starfsnefnd til að hafa eftirlit með þessu námi og gera tillögur til úrbóta ef þurfa þykir. Starfstími nefndarinnar verði þrjú ár. Í nefndinni sitji fulltrúi ráðherra, fulltrúi skóla og fulltrúi atvinnulífsins. Nauðsynlegt er að námsgreinar verði að jafnaði til endurskoðunar og skilyrði veitt til þess.

#### **Greinargerð.**

Um langt árabíl hefur það verið ljóst að iðnaðarmenn, sem ekki hafa hlotið neina framhaldsmenntun, eru ekki nógu vel í stakk búnir til þess að reka fyrirtæki í sinni grein jafnvel þótt það sé smátt í sniðum. Því hefur lengi verið talið nauðsynlegt að koma á meistaranámi fyrir alla iðnaðarmenn er miði að því að gera þá hæfari til þess að stjórna fyrirtæki.

Þær tillögur sem hér liggja fyrir miða að því að efla kunnáttu þeirra í undirstöðugreinum, rekstrargreinum og stjórnunargreinum.

Nefndin er á þeirri skoðun að það nám, sem hér er gerð tillaga um, ætti að duga sumum iðngreinum. Telja má víst að ýmsar greinar þurfi viðbótarnám, mismikið eftir edli greinanna.

Nefndin telur að mjög áriðandi sé að koma þessu námi á laggirnar og leggur áherslu á að byrja smátt og reyna að læra af reynslunni áður en tillögur verða gerðar um meira nám þar sem þess kann að vera þörf.

Nefndin hefur reynt að meta lauslega þá kostnaðaraukningu sem hugsanlega yrði af meistarskóla sem tæki til allra iðngreina.

Meistarar í byggingargreinum eru um það bil helmingi færri en í öðrum greinum. Af ýmsum ástæðum er þó talið að sókn í meistaranám verði minni úr þeim greinum en úr byggingargreinum.

Gert er ráð fyrir því að svo til allt nám er nefndin gerir tillögu um til meistaranáms, fyrir aðrar iðngreinar en byggingargreinar, verði hluti af því námi sem fram fer í þeim meistarskóla sem nú er rekinn. Líklegt er að í öðrum iðnfræðsluskólum en Iðnskólanum í Reykjavík verði hægt að reka þetta nám jafnhliða því námi sem nú fer fram án verulegrar kostnaðaraukningar. Hámarksaukning í Iðnskólanum í Reykjavík er talin einn hópur á önn, en það svarar til u.þ.b. 1,5 millj. kr. kostnaðar á ári. Það er því álit nefndarinnar að kostnaðaraukning við þessa breytingu eigi ekki að verða meiri en 1,5 millj. kr. á ári og trúlega mun minni fyrstu árin. Það er álit nefndarinnar að allir þeir, sem ljúka sveinsprófi eftir að ákvörðun um meistarskóla í öllum iðngreinum, hefur verið tekin, birt í reglugerð og námið auglýst á vegum skóla, þurfi að sækja meistarskóla. Þeir sem ljúki sveinsprófi fyrir hljóti meistrabréf án þess að sækja meistarskóla en að sjálfsgöðu verði þeim heimill aðgangur að skólanum.

Nefndin telur raunhæft að stefna að því að kennsla í meistarskóla fyrir allar iðngreinar hefjist haustið 1987. Lögð er áhersla á að þetta verði aðeins fyrsta skrefið í því að efla framhaldsmenntun iðnaðarmanna.

Nefndin telur að meistaranámið eigi að fara fram í iðnfræðsluskólum um allt land, þar sem og þegar það er talið hagkvæmt, enda verði með kennslueftirliti séð um að kröfur skólanna verði sambærilegar.

Verulegur hluti meistaranáms eru rekstrargreinar. Því hafa fjölbrautaskólarnir, sem allir hafa viðskiptabrautir, alla burði til að halda uppi þessari kennslu.

Iðnfræðsluskólarnir eru í tengslum við atvinnulífið hver á sínum stað. Kennarar iðnfræðsluskólanna þekkja nemendur og forkunnáttu þeirra og ættu af þessum ástæðum öllum að vera best til þess fallnir að annast framhaldsnám iðnaðarmanna á framhaldsskólastigi.

Því telur nefndin að stefna beri að því að iðnfræðinám verði skipulagt sem framhald meistaranáms og geti farið fram í iðnfræðsluskólunum.



Nefndin gerir ekki að sinni tillögur um breytingar á meistaranámi í rafvirkjun, nema hvað varðar útgáfu meistarabréfs, sbr. lið 1.

Þar eð hér er gerð tillaga um minna nám til meistaraprófs en kveðið er á um í lögum um iðnfræðslu telur nefndin rétt að þetta nám verði starfrækt sem tilraun næstu þrjú árin, sbr. rökstuðning hér að framan.

Virðingarfyllst,

*Ingvar Ásmundsson*, formaður.

*Haraldur Sumarliðason*.

*Sigurður Kristinsson*.

### **Álitsgerð stjórnar Sambands iðnfræðsluskóla um áfangaskýrslu um hlutverk Tækniskóla Íslands.**

(12. des. 1986.)

Stjórn Sambands iðnfræðsluskóla vill vekja athygli meistaraskólanefndar á ályktun stjórnarinnar frá 26. apríl 1984 um áfangaskýrslu um hlutverk Tækniskóla Íslands.

Þar kemur glögg í ljós álit stjórnar Sambands iðnfræðsluskóla um hvar beri að hafa meistaraskólann í skólakerfinu. Skoðun stjórnar S.I. er óbreytt en undirstrika vill hún hana með því að senda nefndinni ljósrit af ályktuninni.

Virðingarfyllst,

*Teitur Þorleifsson*,  
framkvæmdastjóri S.I.

### **Ályktun stjórnar Sambands iðnfræðsluskóla á fundi sínum 26. apríl 1984 um áfangaskýrslu um hlutverk Tækniskóla Íslands.**

Með bréfi, dags. 16. mars 1984, frá menntamálaráðuneytinu til stjórnar Sambands iðnfræðsluskóla — var beðið um umsögn um áfangaskýrslu skólanefndar og rektors Tækniskóla Íslands um stöðu skólans í menntakerfinu. Skýrslan sem tímasett er í febrúar 1984 — var jafnframt send stjórn S.I.

Sambandsstjórn er bæði ljúft og skylt að veita umsögn sína um þessa áfangaskýrslu — fer hún hér á eftir í óruttu máli.

Álit stjórnar S.I. um skýrslu nefndarinnar er jákvætt að flestu leyti en eftirfarandi vill hún taka fram og leggja áherslu á:

Það er álit stjórnar Sambands iðnfræðsluskóla að Tækniskóli Íslands eigi fyrst og fremst að vera framhaldsskóli á háskólastigi og annast nám iðnfræðinga, iðnkennara og tæknifræðinga.

Stjórn S.I. telur það mjög miður að eigi kemur fram í skýrslunni rökstuðningur fyrir því að sameina **ekki** verkfræðideild H.Í. og T.Í.

Búið verði þannig að Tækniskóla Íslands hvað húsnæði, kennslu, rannsóknargögn og staðsetningu snertir að skólinn geti gegnt því hlutverki sínu að bjóða upp á tæknimenntun á háskólastigi sem jafnist á við það besta sem þekktist hjá nágrennanþjóðunum.

Stjórn S.I. er sammála skýrsluhöfundum í því — að koma verður í veg fyrir blindgötur á námsbrautum iðnaðarmanna. Nám í iðnfræðsluskólunum (og tæknibrautum fjölbrautaskólanna) verði samræmt og samhæft því markmiði að próf iðnsveina úr framhaldsdeildum iðnfræðsluskóla og próf úr meistaraskóla sem starfræktir séu af iðnfræðsluskólunum eins og hingað til hefur verið — gildi til inngöngu í Tækniskóla Íslands — enda sé öllum menntunarákvæðum fullnægt.

Alpt. 1986. A. (109. löggjafarþing).

167

Stjórn S.I. telur að meistaranámið eigi að vera í iðnfræðsluskólunum en ekki í Tækniskóla Íslands m.a. af þessum ástæðum:

1. Meistaránámið er á framhaldsskólastigi samkvæmt núverandi skipulagi og einnig samkvæmt tillögu í áfangaskýrslu um T.Í. — þess vegna er unnt að sinna því að verulegu leyti í heimabyggð.
2. Stór hluti meistaranáms eru rekstrargreinar eins og fram kemur í áfangaskýrslunni. Fjölbrautaskólar eru allir með viðskiptadeildir sem kenna þessar greinar á þessu stigi.
3. Samstarf iðnfræðsluskólanna (iðnskóla og fjölbrautaskóla) um framkvæmd meistarafræðslunnar hefur verið gott.
4. Iðnfræðsluskólarnir eru í nánum tengslum við atvinnulífið — hver á sínum stað.
5. Kennarar iðnfræðsluskólanna þekka nemendurna og forkunnáttu þeirra.

Með því að fara þessa leið er stjórn Sambands iðnfræðsluskóla þess fullviss að komist verður fram hjá flestum blindgötum á menntaleiðum iðnaðarmanna um leið og tryggt verður að kunnátta og færni aukist í réttu hlutfalli við aukin atvinnuréttindi þeirra stig af stigi.

Stjórn S.I. saknar tillagna nefndarinnar um tengsl ýmissa sérskóla við T.Í. og telur t.d. að nemendur sem ljúka námi af 4. stigi í Vélaskóla Íslands samkvæmt nýjasta námsvísi ættu að hefja nám á háskólastigi í Tækniskóla Íslands.

Stjórn S.I. þykir ekki ástæða til að fara nánar út í þetta að sinni — en er ávallt reiðubúin til að skýra álit sitt nákvæmar — ef óskað er.

#### Fylgiskjal V.

### **Greinargerð Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um frumvarp til laga um framhaldsskóla með tilliti til kostnaðar.**

#### **Inngangur.**

Samkvæmt lögum nr. 13/1969, um stjórn efnahagsmála, skal Fjárlaga- og hagsýslustofnun annast kostnaðarmat á tillögum frumvarpa sem hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

Nefndin telur rétt að með þessu frumvarpi fylgi greinargerð um kostnaðaráhrif frumvarpsins af mörgum ástæðum. Frumvarpið fjallar að nokkru leyti um kostnaðarfyrirkomulag við starfsemi framhaldsskóla auk þess sem verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, þ. á m. rekstur skólakerfisins í landinu, er nú sérstaklega til athugunar. Fleiri ástæður mætti tilgreina.

#### **Um kostnaðaráhrif einstakra greina frumvarpsins.**

Hér á eftir verður leitast við að leggja mat á kostnaðaráhrif einstakra greina frumvarpsins. Allar upphæðir miðast við árlegan kostnað á verðlagi í desember 1986.

#### *3. gr. Um stofnun og byggingu framhaldsskóla.*

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði 60% en sveitarfélög 40% af stofnkostnaði við framhaldsskóla. Þetta er sem næst sama hlutfall og gilt hefur um fjölbrautaskólana, en þar sem lagaákvæðin ná nú til fleiri skóla verður að ætla að nokkrum útgjöldum verði létt af ríkissjóði vegna þessa.

Erfitt er að áætla stofnkostnað framhaldsskóla. Sé tekið mið af framkvæmdum við framhaldsskóla sem ríkissjóður greiddi á árinu 1985 má áætla að kostnaður ríkissjóðs lækki um 16,9 m.kr.

Pá er erfitt að áætla hvaða kostnaðarauki felst í því að miða gerð húsnæðis og búnaðar í heimavistum í vissum tilvikum við að nýta megi aðstöðuna til gistihúsarekstrar. Gera má ráð fyrir að kostnaður aukist um 15–20%. Það er þó samningsatriði hverju sinni með hvaða hætti ríkið gerist aðili að slíkum framkvæmdum.

Eins og greinin er fram sett, sbr. 1. gr., er það verulegri óvissu háð til hvaða skóla verður stofnað sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Tilteknir sérskólar kunna að verða reistir alfarið á kostnað ríkissjóðs.

#### *6. gr. Um skólanefndir.*

Í greininni er gert ráð fyrir þriggja manna skólanefnd við hvern skóla með víðtækara vald og meiri skyldur en áður hefur tíðkast.

Í frumvarpinu er gengið út frá því að tilnefningaraðilar í skólanefndir, þ.e. ríki og sveitarfélög, greiði kostnað í samræmi við fjölda tilnefninga. Þannig munu sveitarfélög greiða þóknun til tveggja nefndarmanna en ríki til eins í hverri skólanefnd. Miðað við að skólanefndir verði um 40 og þóknun hvers nefndarmanns um 30 þús. kr. verður kostnaður ríkisins um 1,2 m.kr. og sveitarfélaga um 2,4 m.kr. Þar við bætist ferðakostnaður og annar kostnaður við nefndarstarfið. Ekki sýnist ólíklegt að kostnaður geti alls numið 5–7 m.kr.

#### *7. gr. Um nemendagjöld.*

Í greininni er gert ráð fyrir að skólanefnd ákveði upphæð gjalda sem nemendum er ætlað að greiða við innritun í námsáfangi. Ekki er gert ráð fyrir að gjöld þesi skili ríkisjóði tekjum umfram það sem verið hefur.

#### *13. gr. Um orlof kennara.*

Samkvæmt greininni eru reglur um veitingu orlofs rýmkaðar. Nú er gengið út frá að kennari hafi a.m.k. starfað í 10 ár áður en hann öðlast rétt til þess að sækja um sérstakt endurmenntunarorlof. Verði mörkin færð niður í fimm ár er líklegt að umsóknum fjölgi. Það verður þó háð ákvörðun menntamálaráðuneytisins hvort af orlofi verður. Því er ómögulegt að kveða upp úr um það hvort útgjöld vegna ákvæða þessarar greinar aukast, en það sýnist sennilegt.

#### *24.–25. gr. og 27.–28. gr. Um fræðslunefndir, fræðsluráð, iðnnám og nám til atvinnuréttinda.*

Í þessum lagagreinum er ákvæði um aðild atvinnugreina að skipulagningu og tilhögun náms á framhaldsskólastigi. Þessi skipan hefur að nokkru marki verið en hún er nú aukin. Af því má áætla að einhver aukakostnaður hljótist þó svo erfitt sé að henda reiður á hver hann kann að verða.

#### *26. gr. Um nám til meistaraþrófs.*

Samkvæmt greininni er menntamálaráðuneytinu skylt að halda uppi námi fyrir iðnsveina til meistaraþrófs. Ráðuneytið getur því boðið upp á fræðsluna á þeim stöðum sem eftirspurn reynist næg og aðstaða er fyrir hendi. Samkvæmt greininni er ætlast til að nemendur greiði þriðjung kennslulauna en ríkið allan annan kostnað. Til þessa hefur kostnaður skipst með ýmsum hætti, þó í flestum tilvikum jafnt milli ríkis, nemenda og sveitarfélaga. Kostnaður sveitarfélaga mun því lækka um 300 þús. kr. Gera má ráð fyrir að kostnaður ríkisins vegna þessarar fræðslu aukist, meira en sem nemur umræddri upphæð, vegna aukinnar ásóknar í hana.

*30. gr. Um sérstakan stuðning við fatlaða.*

Samkvæmt greininni skal veita fötludum nemendum kennslu og þjálfun við hæfi og sérstakan stuðning í námi. Þessi skylda hefur ekki áður hvílt á ríkinu þó slíkur stuðningur hafi verið veittur í nokkrum tilvikum. Sérstakur stuðningur af þessu tagi getur reynst kostnaðarsamur. Hér verður miðað við að kostnaður ríkisins aukist um 5 m.kr.

*32. og 34. gr. Um rekstur framhaldsskóla.*

Samkvæmt greininum skal við ákvörðun um fjárveitingar til kennslu miða við 1,7 til 2,0 kennslustundir á hvern nemanda í fullu bóklegu námi eftir stærð skóla og nauðsynlega fjölgun stunda vegna skiptingar nemenda í smáa námshópa. Þá skal framlag til almenns rekstrar miðast við að sama framlag komi á hvern nemanda í sama eða svipuðu námi hvar sem er á landinu og síðan skal koma viðbótarframlag ef mæta þarf sérstökum aðstæðum.

Ekki er ljóst hvort þetta mun fela í sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð hvað varðar kennslu, og verður hér við það miðað að svo verði ekki.

Um þetta er þó engan veginn hægt að fullyrða enda er það ákvörðun stjórnvalda um útgjaldaviðmiðanir. Þess má þó geta að í framhaldsskólasterfinu í heild, bóklegu og verklegu námi, lætur nærri að um 2,1 kennslustund komi á hvern nemanda á viku. Ákvörðun um 1,7 til 2,0 stundir á viku í fullu bóklegu námi gæti leitt til aukins kennslukostnaðar í stærri bóknámsskólum.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði allan launa- og rekstrar-kostnað framhaldsskóla. Það leiðir til þess að kostnaður sveitarfélaga mun minnka um 143 m.kr. og ríkið greiði þann kostnað.

Samkvæmt 32. gr. er gert ráð fyrir að skólarnir fái, ársfjórðungslega fyrir fram, framlag til að greiða önnur rekstrarútgjöld en laun. Sú upphæð sem hér um ræðir er um 180 m.kr. Gera má ráð fyrir að vaxtakostnaður ríkisins aukist nokkuð eða um 6–8 m.kr. Á móti þeirri hækkun gætu skólarnir ef til vill náð betri samningum og afslætti t.d. vegna staðgreiðslu sem ekki fæst í dag.

Samkvæmt greininni er einnig gert ráð fyrir að heimilt sé að ráða sérstaka fjármálafulltrúa sem m.a. gæti leitt til þess að skólarnir annist bókhald sitt sjálfir. Gera má ráð fyrir að stöðugildi fjármálafulltrúa gætu orðið um 25 og kostnaður 19 milljónir króna.

*35. gr. Fullorðinsfræðsla.*

Samkvæmt greininni er framhaldsskólum heimilt að stofna til sérstakra námskeiða, þar á meðal kvöldskóla fyrir fólk sem hentar ekki að sækja reglubundna kennslu í skólanum. Ætlunin er að sett verði reglugerð um þessa starfsemi og þar hljóta að koma ákvæði sem skólar þurfa að fullnægja, svo sem um aðsókn, til þess að fá fjárveitingu úr ríkissjóði. Í greininni er miðað við að nemendur greiði þriðjung kennslulauna og ríkissjóður það sem á vantar. Auk kennslulauna fylgir starfsemi þessari ýmis rekstrar- og umsjónarkostnaður sem ríkið þyrfti eitt að bera, en á síðustu árum hefur þessi kostnaður einmitt vaxið óðfluga vegna þess að nemendur þessara deilda gera kröfu um sömu þjónustu og nemendur dagskóla. Samkvæmt frumvarpinu mun ríkið taka að sér að greiða 9,2 m.kr. sem sveitarfélög greiða nú til öldungadeilda. Aukin þjónusta mun þó hækka kostnað ríkisins meira en þessu nemur.

*36. gr. Endurmenntunarnám.*

Samkvæmt greininni er framhaldsskólum heimilt að efna til eftirmenntunarnáms og greiða nemendur þá þriðjung kennslulauna, en ríkissjóður þá væntanlega tvo þriðju. Að auki greiðir ríkissjóður væntanlega annan kostnað vegna fræðslunnar, svo sem stjórnun og

annan rekstrarkostnað. Erfitt er að meta hvaða kostnað ríkissjóður mun bera í þessu sambandi, það fer væntanlega eftir ákvörðun í fjárlögum, en þessi heimild getur leitt til verulegs kostnaðarauka.

*37. gr. Verslunarskólar.*

Þessi grein tekur til ríkisframlags til stofnkostnaðar og rekstrar Verslunarskóla og Samvinnuskóla. Í lagagreininni er þátttökuhlutfall í stofnkostnaði lækkað úr 80% samkvæmt gildandi lögum í 60%. Á hitt er svo að benda að á þessi ákvæði hefur ekki reynt til þessa.

*38. gr. Skólar sem stofnaðir eru af einkaaðilum.*

Vel getur komið upp sú staða að stjórnvöld kjósi fremur að styrkja einkaaðila til þess að efna til skólastarfs á sérstöku sviði fremur en að hið opinbera hafi þar forgöngu. Slíkt er samkvæmt þessari grein heimilt, en útgjöld því samfara verða naumast metin.

**Niðurlag.**

Í þessu frumvarpi felst m.a. það að rekstraruppgjör við sveitarfélög verða engin, enda taka sveitarfélög ekki neinn þátt í rekstri skólanna. Þetta mun einfalda samskipti hlutaðeigandi aðila og létta af þeim kostnaði sem hefur verið við uppgjör á rekstrarkostnaði. Þá verður að ætla að það verði alfarið verkefni ríkisins að skipuleggja framhaldsskólastigið óháð því inn á hvaða brautir það muni þróast.

Stofnkostnaður deilist milli ríkis og sveitarfélaga. Reikna má með að þar verði við lýði uppgjör á framkvæmdum en í 3. gr. eru fest í lögum ýmis ákvæði sem eru til þess fallin að greiða fyrir tilhögun framkvæmda og einfalda samskipti.

Samkvæmt því sem að framan segir felur frumvarpið í sér að kostnaður sveitarfélaga muni minnka um 135 m.kr. og kostnaður ríkisins aukast að sama skapi vegna óbreyttrar starfsemi. Breytingar á starfsemi skólanna munu þó verða allmiklar og varlega áætlað kosta ríkissjóð a.m.k. 30 m.kr. að auki.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun

**Kostnaður ríkisins við framhaldsskóla 1985 og hugsanlegar breytingar skv. frumvarpi um framhaldsskóla.**  
(Upphæðir í þús. kr.)

Skóli	Rekstrarkostnaður				Stofnkostnaður				Breyting á verðlagi í des. 1986
	Skv. reikn. 1985	Skv. frumvarpi	Breyting	Skv. reikn. 1985	Skv. frumvarpi	Breyting	Samtals breyting		
Menntaskólinn í Reykjavík	42.534	42.534	0	0	0	0	0	0	0
Menntaskólinn á Akureyri	35.644	35.644	0	2.464	0	-986	-986	-986	-1.256
Menntaskólinn á Laugarvatni	13.142	13.142	0	0	0	0	0	0	0
Menntaskólinn við Hamrahlíð	53.850	53.850	0	0	0	0	0	0	0
Menntaskólinn við Sund	37.204	37.204	0	12.157	0	-4.863	-4.863	-4.863	-6.195
Menntaskólinn á Ísafirði	13.586	13.586	0	2.696	0	-1.078	-1.078	-1.078	-1.374
Menntaskólinn á Egilsstöðum	14.664	14.664	0	1.238	0	-495	-495	-495	-631
<b>Menntaskólar samtals</b>	<b>210.624</b>	<b>210.624</b>	<b>0</b>	<b>18.555</b>	<b>11.133</b>	<b>-7.422</b>	<b>-7.422</b>	<b>-7.422</b>	<b>-9.455</b>
Menntaskólinn í Kópavogi	18.834	22.623	3.789	2.900	2.900	0	3.789	3.789	4.827
Fjölbraitaskólinn í Breiðholti	61.493	71.313	9.820	1.994	1.994	0	9.820	9.820	12.509
— öldungadeild	4.643	9.286	4.643	0	0	0	4.643	4.643	5.915
Fjölbraitaskólinn við Ármúla	31.946	37.243	5.297	0	0	0	5.297	5.297	6.748
Kvenntaskólinn	10.918	13.054	2.136	0	0	0	2.136	2.136	2.721
Flensborgarskólinn	24.107	28.831	4.724	1.800	1.800	0	4.724	4.724	6.018
— öldungadeild	581	1.162	581	0	0	0	581	581	740
Fjölbraitaskóli Suðurnesja	26.674	32.002	5.328	1.000	1.000	0	5.328	5.328	6.787
— öldungadeild	906	1.812	906	0	0	0	906	906	1.154
— meistarskóli	151	302	151	0	0	0	151	151	192
Fjölbraitaskólinn á Akranesi	26.575	32.545	5.970	8.498	8.498	0	5.970	5.970	7.605
— öldungadeild	431	862	431	0	0	0	431	431	549
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	10.983	13.314	2.331	10.850	10.850	0	2.331	2.331	2.969
Fjölbraitaskólinn á Sauðárkróki	15.641	19.341	3.700	0	0	0	3.700	3.700	4.713
— öldungadeild	137	274	137	0	0	0	137	137	175
— meistarskóli	18	18	0	0	0	0	0	0	0
Fjölbraitaskólinn á Selfossi	23.388	28.126	4.738	8.800	8.800	0	4.738	4.738	6.036
— öldungadeild	540	1.079	539	0	0	0	539	539	687
— meistarskóli	30	61	31	0	0	0	31	31	39
— iðnfr. Litla-Hrauni	45	45	0	0	0	0	0	0	0
Framhaldsskólinn í Neskaupstað	6.061	7.710	1.649	1.303	1.303	0	1.649	1.649	2.101
Verkmennaskólinn á Akureyri	37.686	45.576	7.890	10.700	10.700	0	7.890	7.890	10.051
Fjölbraitaskóli Garðabæjar	16.106	20.442	4.336	0	0	0	4.336	4.336	5.524
<b>Fjölbraitaskólar samtals</b>	<b>317.894</b>	<b>387.021</b>	<b>69.127</b>	<b>47.845</b>	<b>47.845</b>	<b>0</b>	<b>69.127</b>	<b>69.127</b>	<b>88.059</b>

Skóli	Rekstrar kostnaður			Stofnkostnaður			Breyting á á verðlagi í des. 1986
	Skv. reikn. 1985	Skv. frumvarpi	Breyting	Skv. reikn. 1985	Skv. frumvarpi	Breyting	
Samvinnuskólinn	12,563	12,563	0	0	0	0	0
Verlunarskólinn	39,200	39,200	0	0	0	0	0
<b>Verlunarskólar samtals</b>	<b>51,763</b>	<b>51,763</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	2,067	2,067	0	0	0	0	0
Hússtjórnarskólinn Varmalandi	2,750	2,750	0	0	0	0	0
Hússtjórnarskólinn á Ísafirði	1,929	1,929	0	0	0	0	0
Hússtjórnarskólinn Laugum	1,977	1,977	0	0	0	0	0
Hússtjórnarskólinn á Hallormstað	2,757	2,757	0	0	0	0	0
Hússtjórnarskólinn á Laugarvatni	3,715	4,226	511	0	0	0	651
<b>Hússtjórnarskólar samtals</b>	<b>15,195</b>	<b>15,706</b>	<b>511</b>	<b>-15,195</b>	<b>-15,706</b>	<b>-511</b>	<b>0</b>
Iðnskólinn í Reykjavík	75,601	105,366	29,765	3,127	3,752	625	38,713
— meistaraskóli			0	0	0	0	0
Iðnskólinn í Hafnarfirði	9,604	13,060	3,456	1,400	1,680	280	4,759
— meistaraskóli	357	357	0	0	0	0	0
Iðnskólinn á Ísafirði	4,070	5,770	1,700	300	360	60	1,760
Iðnskólar, óskiptur kostnaður	826	826	0	0	0	0	0
— prófd. sveinsprófa	3,684	3,684	0	0	0	0	0
Endurmenntun iðnaðarmanna	637	637	0	0	0	0	0
<b>Iðnskólar samtals</b>	<b>94,779</b>	<b>129,700</b>	<b>34,921</b>	<b>4,827</b>	<b>5,792</b>	<b>965</b>	<b>35,886</b>
Vélskóli Íslands	18,525	18,525	0	1,879	1,127	-752	-957
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	8,359	8,359	0	2,231	1,339	-892	-1,137
Hótel- og veitingaskólinn	8,046	8,046	0	196	118	-78	-100
Fiskvinnsluskólinn	8,036	8,036	0	8,786	5,272	-3,514	-4,477
Fósturskóli Íslands	11,465	11,465	0	0	0	0	0
Sjómannaskólahúsið	7,588	7,588	0	3,000	1,800	-1,200	-1,529
<b>Verk- og tæknimenntaskólar samtals</b>	<b>62,019</b>	<b>62,019</b>	<b>0</b>	<b>16,092</b>	<b>9,655</b>	<b>-6,437</b>	<b>-8,200</b>
Myndlist- og handiðaskólinn	13,603	23,134	9,531	0	0	0	12,141
Leiklistarskólinn	10,142	10,142	0	0	0	0	0
<b>Listaskólar samtals</b>	<b>23,745</b>	<b>33,276</b>	<b>9,531</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>12,141</b>

Skóli	Rekstrarkostnaður			Stofnkostnaður			Breyting á á verðlagi í des. 1986	
	Skv. reikn. 1985	Skv. frumvarpi	Breyting	Skv. reikn. 1985	Skv. frumvarpi	Breyting		Samtals breyting
Framhaldsdeildir við grunnskóla .....	6,671	12,000	5,329	0	0	0	5,329	6,788
<b>Framhaldsdeildir samtals</b>	<b>6,671</b>	<b>12,000</b>	<b>5,329</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>5,329</b>	<b>6,788</b>
Ljósmaðraskóli Íslands .....	1,000	1,000	0	0	0	0	0	0
Proskapjálfskóli Íslands .....	6,332	6,332	0	450	270	-180	-180	-229
<b>Heilbrigðisskólar samtals</b>	<b>7,332</b>	<b>7,332</b>	<b>0</b>	<b>450</b>	<b>270</b>	<b>-180</b>	<b>-180</b>	<b>-229</b>
<b>Kostnaður ríkisins samtals</b>	<b>790,022</b>	<b>909,441</b>	<b>119,419</b>	<b>72,574</b>	<b>58,989</b>	<b>-13,585</b>	<b>105,834</b>	<b>134,819</b>
vegna óbreyttar starfsemi .....								
Fjármálastjórar framhaldsskóla .....								19,000
Laun skólancefnda .....								1,200
Ýmis kostnaður skólancefnda .....								500
Sérkennsla fatlaðra .....								5,000
<b>Kostnaður vegna breyttar starfsemi</b>								<b>25,700</b>
<b>Kostnaðarauki ríkisins samtals</b>								<b>160,519</b>